



**Mýrdalshreppur**



**Brunavarnaráætlun 2018 - 2022**





## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Samþykkt.....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
F.h.MannvirkjastofnunnarMarkmið brunavarnaráætlunar .....	5
Gerð og efni brunavarnaáætlunar.....	6
Gerð brunavarnaáætlunar.....	6
Endurskoðun brunavarnaáætlunar .....	7
Samþykkt og kynning brunavarnaáætlunar. ....	7
1. Forsendur fyrir skipulagi slökkviliðsins.....	8
2. Þjónustustig .....	10
3. Skipulag slökkviliðsins.....	11
3.1 Skipulag .....	11
3.2 Forvarnarstarf.....	12
3.3 Útkallsstarf. ....	13
3.4. Önnur verkefni.....	14
3.5 Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð.....	14
3.5.1 Viðvaranir og upplýsingagjöf.....	14
3.5.2 Svar- og greiningartími. ....	15
3.5.3 Virkjunartími.....	15
3.5.4 Viðbragðstími. ....	15
4. Húsnæði og tækjabúnaður .....	17
4.1 Húsnæði.....	17
4.2 Búnaður. ....	17
4.2.1 Bílar:.....	17
4.2.2 Annar búnaður: .....	18
4.2.3 Fjarskipti. ....	19
4.3 Æfingasvæði. ....	19
5. Slökkvivatn.....	20
6. Sérstakar bruna- eða mengunarhættur. ....	21
6.1 Mannvirki.....	21
6.1.1 Þéttbýli.....	21
6.1.2 Dreifbýli .....	27
6.2 Vatnsverndarsvæði og önnur viðkvæmd svæði .....	31
6.3 Tíðni eldvarnarskoðana .....	33
6.4 Fyrirkomulag byggðar m.t.t. eldhættu. ....	33

---

6.5	Sinubruni .....	35
6.6	Brennstæði eða aðrar takmarkanir á meðferð opins elds. ....	35
7.	Samkomulag og samningar. ....	36
8.	Framkvæmdaáætlun .....	37
8.1	Búnaður .....	37
8.2	Húsnæði.....	37
8.3	Afskriftir og úrelding búnaðar. ....	38
8.4	Áhættur sem SM ræður ekki við án aðstoðar og aðgerðaráætlun vegna þess.....	38
9.	Annað. ....	39
	Heimildir .....	39
	Fylgiskjöl .....	40
	Fylgiskjal 1 útkallssvæði.....	41
	Fylgiskjal 2 eldvarnareftirlit .....	41
	Fylgiskjal 3. æfingar .....	44
	Fylgiskjal 4 staða menntunar.....	48
	Fylgiskjal 5 slökkiaætlanir .....	49
	Fylgiskjal 6 samningur við slökkvilið Skaftárhrepps .....	50
	Fylgiskjal 7 samningur við brunavarnir Rangárvallarsýslu.....	52
	Fylgiskjal 8 samningur við Slökkvilið Höfðuborgarsvæðið.....	54
	Fylgiskjal 9 samningur við Björgunarsveitina Víkverja.....	56
	Fylgiskjal 10 Brunahönnunarskýrsla vegna Austurvegur 20.....	57





## Samþykkt.

Brunavarnaáætlun þessi er gerð fyrir starfssvæði Slökkviliðs Mýrdalshrepps (SM) samkvæmt ákvæði í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 og tóku gildi 1. janúar 2001. Í 13. grein fyrrnefndra laga segir:

*“Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun, sem fengið hefur umsögn Mannvirkjastofnunar og samþykki sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og hjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.”*

Brunavarnaáætlun leggur grunninn að gæðastjórnun og úttekt á starfsemi slökkviliðs fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í hverju sveitarfélagi. Áætlunin auðveldar einnig íbúum sveitarfélagsins að fá upplýsingar um veitta þjónustu, skipulag slökkviliðs og markmið með rekstri þess í sveitarfélaginu.


Vík í Mýrdal 19 maí 2018

  
F.h Mýrdalshrepps



  
F.h Slökkviliðs Mýrdalshrepps

Vík í Mýrdal 19 maí 2018

  
F.h Mannvirkjastofnunar

## Markmið brunavarnaráætlunar

Leiðarljós SM með þessari brunavarnaáætlun er að uppfylla markmið laga um brunavarnir nr. 75/2000:

*“Að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnareftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi á sínu þjónustusvæði.”*

Markmið brunavarnaáætlunar er því eins og segir í 1. mgr. 13. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000,:

*“Að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.”*

Jafnframt er eitt af megin markmiðum SM með þessari brunavarnaáætlun að skilgreina fyrir íbúum þjónustusvæðisins á aðgengilegan máta hvaða þjónustustig er veitt og hvernig.

## Gerð og efni brunavarnaáætlunar.

### Gerð brunavarnaáætlunar

Samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 16. gr. 5. mgr. segir:

*“Slökkviliðsstjóri vinnur brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., á starfssvæði sínu og leggur hana fyrir sveitarstjórn.”*

Brunavarnaáætlun þessi er unnin af slökkviliðsstjóra SM eftir leiðbeiningum sem Mannvirkjastofnun gefur út.

Við gerð brunavarnaáætlunar á að gera áhættumat, bæði við venjulegar aðstæður og almannavarnaáðstæður, sem er mikilvægt upphafsgildi þegar brunavarnaáætlun er samin eða endurskoðuð. Áhættumat fyrir eiturefni er ekki til í Mýrdalshrepp.

Til eru viðbragðsáætlanir fyrir flestar stofnanir Mýrdalshrepps og fyrirtæki en þeim verður lokið á árinu 2018

Niðurstöður úr þessum áætlunum eiga m.a. að leiða í ljós hvort:

- tækjakostur slökkviliðsins sé nægjanlegur
- fjöldi slökkviliðsmanna, geta þeirra og menntun, sé nægjanleg
- nægjanlegt slökkvivatn sé fyrir hendi
- slökkvistöð slökkviliðsins uppfylli þarfir liðsins

### Komi í ljós að úrbóta sé þörf geta aðgerðir falist í að:

- endurnýja eða fjölga slökkvibílum, slökkvidælum eða bæta annan tækjakost slökkviliðsins
- bæta aðstöðu slökkviliðsins, fjölga í slökkviliðinu, auka menntun og þjálfun slökkviliðsins eða setja upp bakvaktir eða fastar vaktir allt árið
- tryggja aðstoð, t.d. frá öðru slökkviliði eða björgunarsveit með samstarfssamningum
- auðvelda vatnsöflun í sveitarfélaginu t.d. með fjölgun brunahana
- gera áætlun um endurnýjun og afskriftir á búnaði slökkviliðsins

Brunavarnaáætlunin á einnig að skilgreina hvað sé eðlilegt rekstrarfé fyrir SM. Gera þarf skrá yfir búnað slökkviliðsins og ákveða fjárhæð sem árlega er nauðsynleg, til að halda tækjabúnaði í horfinu með tilliti til afskrifta og eða notkunar.

Forsendur fyrir brunavarnaáætlun má einnig finna í:

- áætlunum fyrir slökkvilið í nærliggjandi sveitarfélögum



- áætlunum fyrir umhverfis- og skipulagsmál í sveitarfélaginu og nærliggjandi sveitarfélögum
- öðrum gögnum, svo sem lögum, reglugerðum og samningum sveitarfélaga

Helstu breytingar á starfsvæði SM, sem áhrif hafa á starfsemi þess og eru fyrirsjáanlegar innan næstu fimm ára, koma fram í brunavarnaáætluninni.

## Endurskoðun brunavarnaáætlunar

Brunavarnaáætlun þarf að endurskoða a.m.k. á 5 ára fresti frá því að hún er samþykkt eins og fram kemur í 13. gr. laga um brunavarnir:

*“Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki.”*

Ef veigamiklar breytingar eru gerðar á gildandi brunavarnaáætlun skal hún endurskoðast þrátt fyrir að ekki séu liðin fimm ár frá samþykkt hennar.

## Samþykkt og kynning brunavarnaáætlunar.

Eftirtöldum aðilum verður kynnt brunavarnaráætlun eftir samþykki hennar. Brunavarnaráætlun verður aðgengileg almenningi á heimasíðu Mannvirkjastofnunar og sveitarfélagsins.

- Almannaáætlunarnefnd
- Mannvirkjastofnun
- BSV Víkverja
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Vík
- Sveitarstjórn Skaftárhrepps
- Sveitarstjórn Rangárpings eystra
- Neyðarlínunni
- RARIK Suðurlandi
- RKÍ Víkurdeild
- Slökkviliði Skaftárhrepps
- Brunavörnum Rangárvallasýslu
- Vatnsveitu Mýrdalshrepps
- Vinnueftirliti ríkisins
- Lögreglustjóra Suðurlands
- Sveitarstjórn Mýrdalshrepps

# 1. Forsendur fyrir skipulagi slökkviliðsins

Hér verður áhættugreining byggð á huglægu mati, sem byggir á þekkingu slökkviliðsstjóra en ekki byggt á tölfræði og útreikningi. Áhættumat þetta var unnið árunum 2016-2017 og tekur tillit til allra bygginga innan sveitarfélagsins sem teljast vera sérstaklega áhættusamar m.t.t. slökkvistarfs.

Einföld skilgreining á áhættu er margfeldi líkinda á og afleiðinga af einstökum atburði, þ.e.a.s. samkvæmt sambandinu  $\text{Áhætta} = \text{líkindi} \times \text{afleiðing}$ .

Hér fyrir neðan er listi yfir ráðandi áhættur á starfssvæði Slökkviliðs Mýrdalshrepps. Áætlanir um aðkomu og rýmingar, hafa verið gerðar við allar stofnanir og stærri byggingar á starfssvæði SM.

Dælugeta slökkviliðs er 12.400 l/mín og fjöldi slökkviliðsmanna er 17 í A-hóp og 10 menn í B-hóp auk þess sem 13 hafa hafið nám fyrir slökkviliðsmenn. SM ræður við byggingar (brunahólf) sem eru allt að 900 m<sup>2</sup>. Það mat er byggt á starfandi mannafla slökkviliðsins og þeim búnaði sem SM hefur yfir að ráða. Vegna umfangs nokkurra bygginga sem eru sérstaklega tilteknaðar í kafla 6 getur þurft að leita aðstoðar hjá nærliggjandi slökkviliðum. Sé horft til umfangsmestu bygginga sveitarfélagsins m.t.t. hversu marga menn þarf í slökkvistarf hverju sinni má reikna með að innan SM þurfi í það minnsta að vera starfandi 20 útkallsfærir menn hverju sinni. Það mat er byggt á greiningu sem má nálgast í kafla 6 „sérstakar bruna- eða mengunarhættur“

Vatnsöflun í dreifbýli getur verið erfiðleikum háð í einhverjum tilfellum. Vatnból og vatnöflunar möguleikar hafa verið kortlagðir í þéttbýli og dreifbýli.

Í þéttbýli;

- Víkurþrjón Austurvegi 20, stærð 3.742 m<sup>2</sup>
  - Stærsta brunahólf = 1025 m<sup>2</sup>
  - Vatnsúðakerfi er í húsinu.
- Icelandair hótél, Klettsvegi 1, stærð 3348 m<sup>2</sup>
  - Stærsta brunahólf 539 m<sup>2</sup>
- Sunnubraut 15 - Iðnaðarhús stærð 1507 m<sup>2</sup>
  - Stærsta brunahólf 613 m<sup>2</sup>
- Grunnskóli Mýrdalshrepps, Mánabraut 3, stærð 1.863 m<sup>2</sup>
  - Stærsta brunahólf 835,6 m<sup>2</sup>
- Gamla sláturhús S, Sunnubraut 14 til 16, stærð 1267 m<sup>2</sup>
  - Stærsta brunahólf er 1063 m<sup>2</sup>.
    - Nánari er fjallað um mótvægisáðgerðir vegna bruna í húsinu í kafla 6 þar sem húsið fer yfir áætlaða slökkvigeitu SM.
- Hótél Lundi, Víkurbraut 26, stærð 888,1 m<sup>2</sup>
  - Stærsta brunahólf byggingar er 255 m<sup>2</sup>
- Dvalarheimilið Hjallatún, Hátúni 10 til 12, stærð 783 m<sup>2</sup>
  - Stærsta brunahólf byggingar er 400 m<sup>2</sup>
- Brydebúð (Halldórskafti) Víkurbraut 28, stærð 566,7 m<sup>2</sup>
  - Stærsta brunahólf byggingar er 566 m<sup>2</sup>
- Víkurskáli, Austurvegi 18, stærð 550 m<sup>2</sup>
  - Stærsta brunahólf byggingar er 550 m<sup>2</sup>



- Lundi gistihús, Víkurbraut 24, stærð 247,1 m<sup>2</sup>
  - Stærsta brunahólf byggingar er 247,1 m<sup>2</sup>

Í dreifbýli:

- Hótel Dyrhólaey, Brekkum, stærð 4258 m<sup>2</sup>
  - Stærsta brunahólf er 515 m<sup>2</sup>
- Hótel Katla, Höfðabrekku nokkur hús það stærsta 1470,7 m<sup>2</sup>
  - Stærsta brunahólf byggingar er 813 m<sup>2</sup>.
- Hótel Steig, Steig, stærð 610,8 m<sup>2</sup>
  - Stærsta brunahólf byggingar er 544 m<sup>2</sup>
- Gisting Ytri Sólheimum, stærð 926 m<sup>2</sup>
  - Stærsta brunahólf byggingar er 157 m<sup>2</sup>
- Gistiheimlið Vellir, Völlum, stærð 564 m<sup>2</sup>
  - Stærsta brunahólf byggingar er 150 m<sup>2</sup>

Niðurstaða áhættumatsins er því sú að SM ráði við flestar byggingar sveitarfélagsins enda séu brunahólf undir þeim viðmiðunarmörkum sem notast er við. Þær byggingar sem SM ráða ekki við samkvæmt greiningu, hafa of stór brunahólf og/eða vatnsöflun er erfiðleikum háð. Í þessum tilfellum verður farið fram á hertar brunavarnir m.t.t. brunahólfunar, stækkunar vatnsbóla, uppsetningar brunahana eða uppsetningu vatnsúðakerfa. Nánar er fjallað um hvert hús fyrir sig í lið 6.1 innan brunavarnaráætlunar.

Niðurstaða greiningar á mannaflapörf er sú að SM sé vel búið þegar kemur að fjölda slökkviliðsmanna þar sem í heild eru um 40 manns sem eru ýmist starfandi eða í námi. Er það mat slökkviliðsstjóra að í sveitarfélagi sem telur um 600 manns sé það vel ásættanlegur mannaflí. Jafnframt er samstarfssamningur við Slökkviliðið á Kirkjubæjarklaustri og Brunavarnir Rangárvallasýslu um gagnkvæma aðstoð í stærri útkallsverkefnum. Til stendur að gera samstarfssamning við Björgunarsveitina Víkverja um aðstoð við vatnsöflum í stærri brunum.

Niðurstaða greiningar á búnaðarpörf er sú að á komandi árum verði þörf á endurnýjun tækjabíls, stækkunar á vatnsflutningabíl auk þess sem þörf er á stærri slökkvistöð. Unnið er að skipulagsbreytingum að hálfu sveitarfélagsins þar sem skilgreint er svæði fyrir uppbyggingu nýrrar björgunarmiðstöðvar þar sem SM mun vera staðsett ásamt fleiri viðbragðsaðilum sveitarfélagsins. Samhlið því þarf að sinna eðlilegri endurnýjun búnaðar SM í samræmi við reglugerð þess efnis. Listi með öllum búnaði SM má finna í lið 4.2 búnaður.

## 2. Þjónustustig.

Þjónustu slökkviliða er skipt upp í eftirfarandi sex megin þjónustuflokka:

### 1. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss

Allir slökkviliðsmenn SM hafa fengið og fá þjálfun í vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss.

### 2. Slökkvistarf innanhúss og reykköfun

Slökkvilið sinnir slökkvistarfi innanhúss og reykköfun. Ekki hafa allir slökkviliðsmenn gild reykköfunarréttindi bæði vegna aldurs og í öðrum tilvikum hafa menn óskað eftir að sleppa við reykköfun af öðrum ástæðum. Þjálfun þeirra skal vera í samræmi við 12 gr reglugerðar 1088/2013 um reykköfun.

### 3. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun

SM getur tekist á við minni eiturefnaslys innan starfssvæðis s.s. minni olíuleka, sjá nánar kafla 6. Á áætlun 2018 er kaup á frekari búnaði vegna mengunaróhappa og eiturefnaslysa. Þjálfun hefur miðast við að takast á við áhættu og viðbragð vegna efna sem eru í notkun á svæðinu, svo sem vegna sundlaugar og eldsneytis sem er flutt í gegnum svæðið. Til er grunnbúnaður til að hreinsa upp olíur og bensín. Samningur er við SHS um aðstoð við mengunar eða eiturefnaslys gerist þess þörf, samningur þess efnis er meðfylgjandi brunavarnaráætlun undir fylgiskjöl.

### 4. Björgun fólks með klippum, glenum og öðrum útbúnaði, m.a. úr bíflökum

Slökkvilið SM á björgunartæki til björgunar m.a. úr bíflökum. Slökkviliðsmenn hafa fengið þjálfun í meðferð þeirra og eru björgunarklippur staðsettar í tækjabifreið slökkviliðsins.

### 5. Eldvarnareftirlit

Skoðunarskyldir staðir á starfssvæði SM eru um 109 eða u.þ.b. 60 skoðanir á ári. Eldvarnareftirlit skal vera í samræmi við lög nr. 75/2000. svo og reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit 723/2017. Eldvarnareftirliti er sinnt af byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra.

### 6. Önnur þjónusta

#### Dælingar

Slökkviliðið sinnir einnig þjónustu við íbúa sveitarfélagsins ef á þarf að halda t.d. hreinsa upp vatn vegna leka og fleira.

#### Fræðsla.

Slökkviliðið heldur uppi fræðslu í brunavörnum fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Farið er í grunnskóla með fræðslu einu sinni á ári.

#### Þjónusta við önnur brunavarnarsvæði.

Slökkvilið sinnir aðstoð við slökkvistörf á öðrum brunavarnarsvæðum samkvæmt beiðni viðkomandi slökkviliðsstjóra. Slökkviliðið getur á sama hátt óskað aðstoðar frá öðrum brunavarnarsvæðum í samræmi við samstarfssamninga þess efnis.




### 3. Skipulag slökkviliðsins.

#### 3.1 Skipulag

Skipurit fyrir SM er samkvæmt mynd 1. Markmið með þessari skipan er að yfirbygging sé takmörkuð, að boðleiðir milli yfir- og undirmanna séu einfaldar og skýrar og að lipurt og gott upplýsingaflæði sé milli allra í liðinu.

Hjá SM er slökkviliðsstjóri í hlutastarfi auk skipaðra slökkviliðsmanna í samræmi við fjölda sem tiltekin er í lið 1. brunavarnaráætlunar. Óformlegt samstarf er á milli RKÍ Víkurdeildar, lögreglu, björgunarsveitar og slökkviliðsins. Slökkviliðið er hluti af almannavarnakerfi Mýrdalshrepps og þarf að sinna brunavörnum og hafa til reiðu búnað til að klippa fólk úr bíflökum. Heildar fjöldi björgunarsveitamanna sem hægt er að ná í með skömmum fyrirvara er u.þ.b. 30 í sveitarfélaginu.

#### Skipulag Slökkviliðs Mýrdalshrepps



Mynd 1. Skipurit Slökkviliðs Mýrdalshrepps

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð er í höndum slökkviliðsstjóra. Varaslökkviliðsstjóri ber faglega ábyrgð gagnvart slökkviliðsstjóra.

Slökkviliðsstjóri er ráðinn í 30% starf og annast hann allan daglegan rekstur SM á grundvelli laga og reglugerða. Varaslökkviliðsstjóri er í 15% starfi og sinnir starfi slökkviliðsstjóra í fjarveru hans.

Fjöldi slökkviliðsmanna er 17 í útkallshópi A og 10 menn í útkallhópi B. Enginn er í fullu starfi hjá SM, einungis er um hlutastarfandi slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra að ræða. Á árinu 2017 eru 13 í námi fyrir slökkviliðsmenn utan A og B hóps. Innan A hóps eru starfandi 3 varðstjórar sem lokið hafa námskeiði stjórnenda hlutastarfandi slökkviliðsmanna. Hlutverk varðstjóra er stjórnun á vettvangi og stýring æfinga í samráði við slökkviliðsstjóra og vara slökkviliðsstjóra.

Á sumrin standa 5 menn bakvaktir í einu, eina viku í senn. Verði útkall fá allir í A -hóp boð frá neyðarlínunni. Utan þess tíma er vöktun með þeim hætti að 17 menn bera síma og svara kalli ef þeir eru nálægir. Allir slökkviliðsmenn fá þjálfun í að leysa sérhvert verkefni sem kemur inn á borð slökkviliðsins í samræmi við menntun, þjálfun og þjónustustig. Þannig eiga menn að geta gengið í hvaða störf sem upp koma. Ekki eru þó allir sem hafa tilskilin réttindi til að aka bílum sem krafist er meiraprófs réttinda á og aðrir ekki færir um að stunda reykköfun.

Helstu verkefni daglegrar yfirstjórnunar eru að:

- stjórna starfseminni í anda þeirra markmiða sem starfseminni eru sett
- sjá um áætlanagerð og að heildarstarfsemin sé innan fjárhagsramma
- stuðla að góðri þjónustu gagnvart almenningi
- kynna starfsemina
- stuðla að góðu samstarfi við þá aðila sem tengjast starfseminni
- vinna að því að búnaður SM, færni og menntun starfsmanna sé í samræmi við þjónustustig
- stuðla að jákvæðum starfsanda

SM sinnir öllum helstu þáttum slökkvistarfa, vatnsöflun bæði úr brunahönum og úr opnum vatnsbólum. Unnið er með flutning vatns á eldstað með tankbíl og notast við færanleg vatnsker meðan verið er að sækja meira vatn. Slökkviliðið er fært um að sinna slökkvistarfi bæði innan og utanhúss, vinna að reykköfun og reyklosun. SM hefur yfir að ráða klippubúnaði og sinnir þeim verkefnum sem upp koma á svæðinu. Æfingar slökkviliðsmanna miðast við, að allir geti unnið þessi störf í samræmi við þjónustustig.

Samkvæmt reglugerð er SM ætlað að bregðast við mengunarslysum. Lítið er til af búnaði til að sinna mengunarslysum en þó hefur SM yfir að ráða lágmarksbúnaði til slíkra starfa s.s. uppsogsefna og flotpulsa. Þrátt fyrir að allur búnaður sé ekki fyrir hendi hafa slökkviliðsmenn fengið grunnþjálfun í viðbrögðum hjá farskóla Brunamálastofnunar, nú Mannvirkjastofnunar. Samstarfssamningur er við SHS um aðstoð vegna stærri mengunarslysa.

Eldvarnaeftirliti er sinnt af eldvarnaeftirlitsmanni slökkviliðs og slökkviliðsstjóra, tveir hafa réttindi innan slökkviliðs til að sinna eldvarnaeftirliti.

Við almannavarnaraðstæður er unnið eftir skipulagi almannavarna í samræmi við áætlanir sem má nálgast í meðfylgjandi hlekkjum. Innan þeirra er hlutverk SM skilgreint. Eitt þeirra verkefna sem telst ekki til hefðbundinna verkefna slökkviliðs er að verja mikilvægar byggingar á óvissustigi vegna eldgoss í Mýrdalsjökli. Komi til þess mun slökkviliðið í öllum tilfellum þurfa aðstoð jaðvinnuverktaka vegna þess.

Eldgos í Mýrdalsjökli : <http://www.almannavarnir.is/utgefing-efni/?wpdmc=eldgosaaaetlanir>

Viðbragðsáætlun vegna hópslysa, Suðurland : <http://www.almannavarnir.is/utgefing-efni/?wpdmc=hopslys>

### 3.2 Forvarnarstarf.

Dagleg umsýsla og fagleg ábyrgð forvarna heyrir undir slökkviliðsstjóra.

Helstu verkefni í forvörnum eru:

- Skoðun teikninga í samvinnu við byggingafulltrúa
- Úttekt á skoðunarskyldum stöðum, samkvæmt reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga
- Umsagnir vegna veitinga- og gististaða
- Sérstakt eftirlit með mannmörgum stöðum, t.d. veitinga- og samkomuhúsum
- Fræðsla í skólum um eldvarnir
- Fræðsla fyrir almenning um eldvarnir

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð forvarna er í höndum slökkviliðsstjóra.





Sá sem sinnir eldvarnaeftirliti er löggiltur eldvarnaeftirlitsmaður og skal hafa hlotið menntun á því sviði, sem Eldvarnaeftirlitsmaður I, II og III hjá Brunamálaskólanum, eða sambærilega menntun. Endurmenntun skal vera í samræmi við áætlanir Brunamálaskólans. Eldvarnaeftirlitsmaður skal hafa fullgilda menntun í samræmi við reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna nr. 792/2001. Listi um skoðunarskylda staði er í fylgiskjali 2. Í samræmi við kröfur reglugerðar um eldvarnaeftirlit nr.723/2017 er tiltekið í fylgiskjali 2 hvaða staði skal skoða árlega og hverja skal eftir atvikum skoða sjaldnar allt að fjórða hvert ár. Hvert ár er gefinn út listi á heimasíðu sveitarfélagsins þar sem eldvarnaeftirlitsskoðanir ársins eru tilgreinar. Eldvarnaeftirliti sinna slökkviliðsstjóri og skipulags og byggingarfulltrúi. Slökkviliðsstjóri er í 30% starfshlutfalli og skipulags- og byggingarfulltrúi er í 100% starfi sem slíkur. Báðir sinna eldvarnaeftirliti innan starfshlutfalls án þess að tilgreint sé sérstakt hlutfall vegna eldvarnaeftirlits.

### 3.3 Útkallsstarf.

Slökkviliðsstjóri samhfir búnað og menntun starfsmanna, í samræmi við stefnu. Hann leggur mat á einstaka þætti starfseminnar og kemur með tillögur um þróun og úrbætur.

Helstu verkefni eru:

- Slökkvistarf
- Viðbrögð við umhverfisslysum
- Björgun vegna umferðaóhappa
- Þjálfun og æfingar
- Dagleg umhirða húsnæðis, bifreiða og búnaðar
- Björgunar- og slökkvistörf
- Almannavarnir
- Viðhald og prófanir á fjarskipabúnaði
- Æfingar og þjálfun starfsmanna

Slökkviliðið sinnir vatnsöflun, slökkvistarfi utan- og innanhúss ásamt reykköfun, minni háttar mengunarslysum s.s. vegna olíuleka auk þess SM sinnir útköllum vegna umferðarslysa ef þörf er á klippibúnaði, hreinsun á slysað og/eða lífbjörg í samstarfi við sjúkraflutninga.

- Í samræmi við þjónustustig verða alltaf a.m.k. 50% slökkviliðsmanna að vera með reykköfunarréttindi á hverjum tíma.
- Í samræmi við þjónustustig verða alltaf a.m.k. 50% slökkviliðsmanna þjálfaðir til starf vegna klippuvinnu á hverjum tíma.
- Í samræmi við þjónustustig verða alltaf, a.m.k. 80% slökkviliðsmanna á hverjum tíma, að hafa lokið grunnnámi hlutastarfandi slökkviliðsmanna.
- Í samræmi við þjónustustig verða alltaf a.m.k. 50% slökkviliðsmanna þjálfaðir til starfa vegna mengunarslysa á hverjum tíma.

Í útköllum er unnið eftir aðgerðarskipulagi sem skilgreinir í megin dráttum hvert verkefni manna er í ákveðnum stöðum.

#### *Skipulag*

- Slökkviliðsstjóri
- Vara slökkviliðsstjóri
- Varðstjórar

- slökkviliðsmenn

Slökkviliðsstjóri stýrir ofangreindum verkefnum og varaslökkviliðsstjóri í hans fjarveru.

Í stærri slysum eru áætlanir almannavarna virkjaðar.

### 3.3.1 Mönnun slökkviliðs

Fjöldi slökkviliðsmanna er 17 í A-hóp. Allir slökkviliðsmenn fá þjálfun í að leysa sérhvert verkefni sem kemur inn á borð slökkviliðsins, í samræmi við menntun, þjálfun og þjónustustig. Þannig eiga menn að geta gengið í hvaða störf sem upp koma í samræmi við þjónustustig. Ekki eru þó allir sem hafa tilskilin réttindi til að aka bílum sem krafist er meiraprófs réttinda á og aðrir ekki færir um að stunda reykjöfun. Einnig eru 10 menn í B-hóp sem hægt er að kalla út til aðstoðar við A-hóp. Þeir sem eru í B-hóp eru ekki skyldugir til að mæta á æfingar en eru allir fyrrverandi slökkviliðsmenn. Eins og fram hefur komið eru á árinu 2018, 13 aðilar í námi fyrir slökkviliðsmenn. Fyrsta útkall samanstendur ávallt af öllum þeim sem skráðir eru í A-hóp eða um 17 manns. Á tímabilinu júní-ágúst standa 5 menn bakvaktir í einu, eina viku í senn. Lágmarksfjöldi í fyrsta útkall eru 5 menn sem eru í flestum tilfellum farnir úr stöð á innan við 5 mínútum.

### 3.3.2 Menntun

Æfingar eru haldnar reglulega í samræmi þarfir liðsins og gildandi laga og reglugerða.

Slökkviliðið mun sinna menntun og símenntun starfsmanna í samræmi við kröfur Brunamálaskólans. Sjá menntunarstig í fylgiskjali 4. og 4.1. Slökkviliðsmenn hafa sótt námskeið á vegum Brunamálaskólans svo og endurmenntunarnámskeið. Meðfylgjandi brunavarnaráætlun er listi yfir menntun og hæfi allra slökkviliðsmanna innan SM merkt fylgiskjal 3.

### 3.3.3 Þjálfun

Almennt eru haldnar æfingar tvisvar sinni í mánuði allt árið um kring í samkvæmt skipulagi slökkviliðsstjóra, vara slökkviliðsstjóra og varðstjóra sjá fylgiskjal 3. Í upphafi árs er gerð æfingaáætlun sem er í samræmi við þarfir SM. Æfingar og skipulagning þeirra ásamt mætingu er skráð á sameiginlegu skýi slökkviliðsmanna SM. Reykkjöfunardagbækur og önnur viðvera er jafnfram vistuð þar.

### 3.4. Önnur verkefni.

SM annast eftir atvikum önnur verkefni s.s. uppsog á vatni, aðstoð við þrif á götum og fráveitukerfum, afhending á vatni í söfnunartanka þar sem ekki er vatnveita til staðar og fleira.

### 3.5 Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð.

Í slökkvistöð er allur búnaður til að koma upp fjarskiptamiðstöð almannavarna á neyðartímum. Fyrir er talstöð á vegum RKÍ á VHF tíðni. SM hefur yfir að ráða talstöðvum og búnaði þeim tengdum til að stjórnandi á vettvangi geti haft samband við reykkafera. Í stjórnstöð eru 2 símalínur ásamt tölvum sem hafa tengingu við internetið. Neyðarsvörun er í höndum neyðarlínunnar og sér hún um að kalla út slökkviliðið með SMS skilaboðum. Öll samskipti við neyðarlínu, aðra viðbragðsaðila og samstarfsaðila fara fram á TETRA kerfi.

#### 3.5.1 Viðvaranir og upplýsingagjöf.

Viðvaranir til almennings, eru gefnar út af almannavörnum og sendar til fjölmiðla samkvæmt boðleiðum nefndarinnar. Helstu áhættur sem gætu krafist slíkra tilkynninga eru Kötlugos, stór bruni og meiriháttar mengunarslys á þjóðvegi nr. 1.



### 3.5.2 Svar- og greiningartími.


Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarlínu er meðal svartími 3.7 sek. og greiningartími er allt að 1.5 mín, en það fer eftir eðli útkallsins. Unnið er eftir greiningarkerfi Neyðarlínunnar. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á samskiptum við Neyðarlínu og forsendum fyrir greiningu beiðna.

### 3.5.3 Virkjunartími.

Í slökkvistarfi er miðað við að vatn sé komið á stút innan 60 sek. frá því að slökkvibíll stöðvar við eldstað. Dælubíll er mannaður 6 mönnum, í bílnum eru fimm öndunarbúnaðarsett sem gagnast þeim sem manna slöngur auk dælustjóra. Yfirmaður á eldstað stjórnar aðgerðum og er það í hans valdi hvort unnið verði eftir áætlun sem breytir þessum tíma. Allt slökkvistarf á að vera komið í gang innan fjögurra mínútna frá því að slökkviliðið kemur á staðinn.

### 3.5.4 Viðbragðstími.

Viðbragðstíma er skipt upp í þrjú tímabelti og flokka (sjá mynd). Í fyrsta tímabeltinu, flokki I, eru aðgerðir hafnar innan 10 mín. frá boðun (grænt), í tímabelti tvö, flokki II, eru aðgerðir hafnar innan 15 mín. (gult) og í þriðja tímabeltinu, flokki III, eru aðgerðir hafnar innan 20 mín. (rautt). Byggingar staðsettar í yfir 15 min úkallsfjarlægð frá slökkviliði skulu standast ítarlegri kröfur til eldvarnar en aðrar byggingar innan starfssvæðis SM í formi aukinnar brunahólfunar eða annarra fyrirbyggjandi aðgerða.



10 mín

15 mín

20 mín

### 3.6 Útkallstími

Neyðarlínan sér um boðun á slökkviliðinu með SMS skilaboðum eða samkvæmt fyrirmælum slökkviliðsstjóra eða varaslökkviliðsstjóra. Viðmiðið sem notast er við er að fyrsti slökkvibíll, skal vera kominn úr stöð innan fjögurra mín. miðað við eðlilegar aðstæður, ef veður eða aðrar náttúruhamfarir hamla ekki. Slökkviliðsstjóri sér um að uppfæra boðunarleiðir slökkviliðsmanna. Uppfærslur eru alltaf gerðar þegar breytingar verða á mannskap. Hjá SM er ekki gerður greinamunur á boðun slökkviliðs, þó um sé að ræða almannavarna ástand. Á svæðum sem eru í 15-20 min fjarlægð hefur eldvarnareftirlit SM heimild til að gera auknar kröfur til brunavarna bygginga. Slíkar aðgerðir geta verið í formi aukinna brunahólfanna, vatnsúðakerfis, söfnunartakna fyrir vatn eða annarra fyrirbyggjandi aðgerða.



## 4. Húsnæði og tækjabúnaður

Endurnýjun og viðbætur hafa verið fjármagnaðar eftir þörfum hverju sinni. Búnaður er afskrifaður í samræmi við reglur og leiðbeiningar framleiðanda. Áætluð fjárþörf SM kemur árlega fram í fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps. Fjárþörf miðast við, þarfir og endurnýjun búnaðar, æfinga og útkalla hverju sinni. Það fer eftir ástandi bifreiða og tækjabúnaðar hvenær endurnýjað er. Þó er það æskilegt að fyrsta bifreið verði ekki eldri en 15 ára.

Allur búnaður slökkviliðsins er í eigu Mýrdalshrepps og gildir fjárhagsáætlun hreppsins um þær.

### 4.1 Húsnæði.

Núverandi slökkvistöð var tekin í notkun 2001. Húsið er 189 m<sup>2</sup>, bílageymsla fyrir þrjú bíla, ásamt geymslu fyrir tæki og áhöld. Yfir hluta af salnum er hæð og er þar aðstaða til funda. Hvorki er salernis né sturtuadstaða í húsinu. Staðsetning hússins er mjög góð með tilliti til Kötlugoss. Í suður hluta hússins er aðstaða stjórnenda og er það rými jafnframt hugsað sem stjórnstöðvarými í stærri viðburðum t.d. Kötlugosi.

Það er farið að þrengja að slökkviliðinu og er mikil umferð um Suðurvíkurveg sem getur það valdið vandræðum slökkviliðsmanna að komast að og frá slökkvistöð.

Unnið er að skipulagsbreytingum á vegum sveitarfélagsins vegna byggingar á björgunarmiðstöð sem staðsett væri utan rýmingarsvæðis. Nánar er fjallað um húsnæði SM innan framkvæmdaáætlunar lið 8.2.

### 4.2 Búnaður.

#### 4.2.1 Bílar:

Um er að ræða tvær slökkvibifreiðar og eina tækjabifreið. Hér á eftir fer nánari lýsing á bílunum ásamt þeim búnaði sem í þeim er.

- 4 86-131 MAN 18.340 slökkvibíll árgæð 2017. Bíllinn er beinskiptur með drifi á öllum hjólum. Í yfirbyggingu bílsins er 4600 l vatnstankur og 400 l froðutankur. Þá er í bílnum 4000 l/mín slökkvidæla með háþrýstihjól og 50 metra háþrýstilögn, á þaki er 2400 l/mín mónitor. Reykköfunarstólar eru fyrir 4 reykkafara, VHF og tetra fjarSKIPTABÚNAÐUR er í bílnum. Í bílnum er einnig LED 2x1000 w ljósamastur, Laus rafstöð 5kva., 100 l af froðu á brúsum, björgunarstigi úr áli í fjórum hlutum. Á bílnum er 9 tonna spil. **Ástand gott.**
- 5 86-151 Man tankbíll árgæð 1999 ekinn 20.000 km. Bíllinn er með drif á öllum hjólum og hægt að læsa báðum drifum. Á bílnum er 6000 l vatnstankur úr stáli og 8000 l vatnsker í kassa á hlið bílsins. Sett var í hann 4000 lítra bedford dæla sem tengd er inn á sturtugír bílsins. Í bílnum er beranleg dæla Hale 1000 l/mín með rafstarti og Godiva GP 1600l dæla. Í bílnum er reykblásari, slöngur og stútar, þannig að bíllinn getur unnið sjálfstætt sem slökkvibíll. Það ætti að huga að því að fá á hann stærri tank 8 til 10 þúsund lítra. **Ástand gott.**
- 6 86-161 Ford F350 mannflutninga og tækjabíll árgæð 2007, Bíllinn er með drif á öllum hjólum. Í bílnum er björgunartæki (klippur, glennur og tjakkur),slökkvitæki og tvö reykköfunartæki. Einnig er í bílnum helsti skyndihjálparbúnaður og hjartastuðtæki. Þessi bíll nýtist líka sem stjórnendabíll og er hann búin helstu fjarSKIPTATÆKJUM. **Ástand gott**

## 4.2.2 Annar búnaður:

## Dælur:

- Hale 18 Twin II 700 l/m árg. 1997 tankbíl *gott ástand*
- BS flotdæla 700 l/m árg 1970 tankbíl *lélegt*
- Klinmaster 2500 l/m árg. 1940 *lélegt*
- Hale 2100 l/m árg. 1997 *gott ástand*
- Dæla Godiva GP 1600 l/m árgerð 2000 laus *gott ástand*

## Slöngur:

- Stofnlangir 4" 38 m
- Stofnlagnir 3" 520 m
- Fæðislöngur / vinnuslöngur 2½" 280 m
- Vinnuslöngur 1½" 380 m
- Háþrýstingur 1" 50 m

## Stútar:

- AWG 360 l fyrir 1½" slöngu 1 stk.
- Rauplan Multifire fog jet stútur fyrir 1½" slöngu, 1 stk.
- AWG A130/4/65 stútur fyrir 2" slöngu 4 stk.
- AWG 250 lítra fyrir 1½" slöngu 7 stk.
- Froðukaststútur 1 stk.
- AWG froðustútur gamall 1 stk.
- Froðublandari 1 stk.
- Monitor 2400 l 2 stk.

## Björgunartæki:

- Lukas björgunartæki
  - Klippur 2 stk.
  - Glennur 2 stk.
  - Tjakkar 2 stk.
- Loftpúðahlíf á stýri, klossar, keðjur krókar o.fl 1 stk.
- Loftpúðasett 40 tonn 3 stk

## Handverkfæri:

- Almenn handverkfæri, sagir, hamrar, kúbein, brotverkfæri o.fl. heild
- Bensín knúin rafstöð 5.0 kw 1 stk.
- Pressa fyrir loftkúta LW 200 E NAUTIG árg. 2003 1 stk.

## Reykköfunarbúnaður:

- FENZY öndunarbúnaður 10 stk.
- Auka kútar fyrir öndunarbúnað 7 stk.
- Flir K2 hitamyndavél 2 stk.

## Önnur verkfæri og búnaður:

- Rafmagnsblásari. 1 stk.
- Keðjusög 1 stk.
- Björgunarsög bensín 1 stk.
- Sverðsög 2 stk.
- Hjólsög, járn 1 stk.
- Stigi 11.60 m álstigi 1 stk.





## Mýrdalshreppur

---

- Æfingadúkkur 2 stk.
- Hitablásarar 2 stk.

### Hlífðarfatnaður:

- Hlífðargallar 30 stk.
- Hjálmar 30 stk.
- Öryggisstígvél 30 stk.
- Reykköfunarhettur 40 stk.
- Hanskar 40 stk.

### 4.2.3 Fjarskipti.

#### Búnaður:

- Handstöðvar 14 stk.
- Handfrjáls búnaður fyrir reykkafara 10 stk.
- Fastar VHF stöðvar í bílum 2 stk.
- Handstöðvar Tetra 4 stk.
- Fastar Tetra í bílum 2 stk.

Samband á svæðinu er nokkuð gott.

Samkvæmt leiðbeiningum mannvirkjastofnunnar nr.6.065 er búnaðarstaða SM nokkuð góð.

Samkvæmt leiðbeiningum vantar:

- Stofnlagnir 3“ 500 metra
- Slettuvargalla 2 stk.
- Stórt ílát til uppsöfnunar 500 l 1 stk
- Neistafrí dæla 1 stk
- Vökvapéttir varnargallar 2 stk

Áætlun um kaup á nýjum búnaði og endurnýjun eldri búnaðar fer ávallt samhliða fjárhagsáætlanagerð sveitarfélagsins. Á árinu 2018 verður keyptur búnaður sem tengist mengunar og eiturefnavörnum auk stofnlagna. Áætlun um kaup á búnaði má sjá undir kafla 8.


### 4.3 Æfingasvæði.

Ekkert ákveðið æfingasvæði er til hjá SM heldur notast við þau svæði, húsnæði og aðstöðu sem í boði eru hverju sinni og henta best.

## 5. Slökkvivatn

Í Vík eru 10 brunahanar víðsvegar um bæinn með vatnsþrýsting um 4 bör, vatnið er fengið úr austurhlíð Reynisfjalls. Við uppsprettuna er 35.000 lítra safntankur. Viðhald brunahana eru á vegum Vatnsveitu Mýrdalshrepps og sér hún um að mæla afkastagetu þeirra. Vatnsnotkun þorpsins er um 5 sekúndulítrar og annar vatnsból þorpsins, um 15 sekúndulítrum. Stofnlögn frá safntanki er 180 mm og skiptast lagnir þorpsins, sem brunahanar eru tengdir inn á, í 140 mm lagnir og 110 mm lagnir. Samhliða gatnaframkvæmdum í þorpinu er bætt við nýjum lögnum og brunahönum og má áætla að í lok árs 2018 verði að minnsta kosti 14 brunahanar í þorpinu. Samhliða viðhaldi gatna er á ætlun, endurnýjun vatnslagna og brunahana í vesturhluta Víkurþorps. Nánari upplýsingar er að finna hjá Vatnsveitu Mýrdalshrepps.

Vatnsból í dreifbýli eru misjöfn eftir stöðum, allt frá því að ekkert vatn sé í námunda við bæi og til þess að gnægð vatns sé við bæjardyrnar. Í slökkvibíl er mappa með grunnupplýsingum og staðháttaupplýsingum af sveitabæjum og upplýsingum um vatnsból sem skal endurskoða reglulega. Nánari útlistun á vatnsöflun við staði sem metnir eru með sérstöku brunaálagi í dreifbýli og þéttbýli má nálgast innan slökkviáætlana SM. Þar sem eldvarnareftirlit SM telur að öflun slökkvivatns sé erfiðleikum háð getur SM gert ítarlegri kröfur til brunavarna innnan bygginga á þeim svæðum s.s. með aukinni brunahólfun, vatnsúðakerfum eða öðrum fyrirbyggjandi aðgerðum.







## 6. Sérstakar bruna- eða mengunarhættur.

Vatnsból Víkurbúa er í Reynisfjalli rétt norðan við þorpið. Þaðan er neysluvatnið leitt til alla íbúa og fyrirtækja á svæðinu. SM þekkir staðsetningu vatnsbólsins og veit hvernig bregðast skal við mengunarslysum nærri því, þar sem vatnsbólið er mjög nálægt þjóðvegi 1 þá er viss áhætta af mengandi efnum.

Vatnsból í hinum dreifðari byggðum eru margskonar og sú hættu til staðar að í þau geti borist mengandi efni.

Ekki er mikið af eiturefnum á svæðinu, önnur en þau sem eru á ferð í gegnum svæðið með flutningabílum. Þeir staðir innan þorpsins sem finna má eiturefni eru eftirfarandi:

- a) Í sundlaug staðarins er 15% klór notaður og er hverju sinni um 120 lítrar af blönduðum klór þar.
- b) N1 Bensínafgreiðslustöð
  - Olíuskilja er við afgreiðsluna.
- c) Orkan Bensínafgreiðslustöð
  - Olíuskilja er við afgreiðsluna.
- d) Framrás bifreiðaverkstæði
  - Smurolía og önnur efni tengd starfsemi.
- e) Steypustöðin ehf.

Gerður hefur verið samstarfssamningur við SHS um aðstoð vegna mengunarslysa.

### 6.1 Mannvirki

#### Helstu áhættur vegna bruna:

Búið er að gera samstarfssamninga við nágrannaslökkvilið um gagnkvæma aðstoð. Búið er að gera slökkviáætlanir fyrir öll stærri hús á svæðinu, bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Byggingar sem teljast sérstaklega umfangsmiklar eða ef mikil brunahætta er vegna þeirra getur slökkviliðsstjóri og eldvarnareftirlit SM farið fram á að byggingar standast ítarlegri kröfur til eldvarnar en aðrar byggingar innan starfssvæðis SM í formi aukinnar brunahólfunar eða annarra fyrirbyggjandi aðgerða s.s. uppsetningu vatnsúðakerfis eða söfnunartanka. Þessar byggingar sæti eftir atvikum auknu eldvarnareftirliti.

#### 6.1.1 Þéttbýli

##### Iceware verslunarmiðstöð :

Austurvegur 20 er 3742 m<sup>2</sup> bygging sem er með fjölbreyttri starfsemi, Upphaflega var húsið 873 m<sup>2</sup> Límtréshús klætt með ileiningum, en við það var byggt 2900 m<sup>2</sup> hús úr límtré, með steinullareiningum. Í húsinu eru verslanir, veitingastaður, bakarí og þrjónastofa. Húsið er vel hannað með tilliti til brunavarna og er sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi ásamt skjálfvirku slökkvikerfi (sprinkler). Góðir neyðarútgangar eru á öllum rýmum og ætti ekki að taka langan tíma að rýma húsið. Brunahönnunarskýrsla er til fyrir húsið unnin af Lotu verkfræðistofu árið 2017, hún er meðfylgjandi brunavarnaráætlun.

##### Niðurstaða,

Þar sem eldhús og þrjónastofa eru í húsinu, má reikna með líkum á eldsvoða yfir meðallagi. Í húsinu er sjálfvirkt slökkvikerfi og öflugt brunaviðvörðunarkerfi, þannig að það ætti ekki að taka langan tíma að rýma húsið. SM á að hafa nægjanlegt afl til að slökkva í húsinu, þar sem sjálfvika slökkvikerfið ætti að halda eldinum staðbundnum. Helstu vandamál gæti orðið vatn, þar sem brunahani sem er við húsið er á sömu lögn og húsið. Það er hægt að leysa

Það með því að leggja lagnir að Víkurá. Fyrsta viðbragð vegna bruna í húsinu yrði ávallt að kalla eftir aðstoð nærliggjandi sveitarfélaga í samræmi við samstarfssamninga. Mikilvægt er að eldvarnareftirlit taki húsnæðið út árlega auk þess sem viðbragðsáætlun starfsmanna og grunn þjálfun þeirra sé til staðar vegna fyrstu viðbragða við eldsvoða.

Bygg.ár	Stærð	Bygg-efni	Brunahani	Hæð	Fjöldi brunahólfa	Stærsta brunahólf
2017	3742	Límtré/yleiningar	20 m	1	9 (ekki reykheld)	1025 m <sup>2</sup>
Vatnsúðakerfi Vatnspörf Brunaviðvörðunarkerfi						
Já	1100	Já	Annað: Slökkvikerfi í háfi veitingastaðs.			
<b>Stærsta áhætta:</b> Þjörgun á fólki, mikið af brennanlegum vörum						
<b>Hættuleg efni:</b> Gas í neytendaumbúðum.						

### Hótel Vík (Icelandair hótel)

Klettsvegur 1, Icelandair hótel eru tvær byggingar. Annað er timburhús með steniklæðningu að utan og spónaplötum að innan. Einangrun er steinull. Húsið er á einni hæð og skipt í þrjú brunahólf. Þakrymi er einn geimur. Húsið er byggð árið 1994, 539 ferm, stækkuð 2010 um 369 ferm. Hitt húsið er nýtt steinhús, byggt 2013 2440 ferm sem er staðsett fyrir aftan fyrra húsið. Byggingarnar tengdar saman með tengibyggingu. Heildarstærð húsanu er 3348 ferm. Í eldra húsinu eru tveir gangar, með 10 tveggja manna herbergjum og eru flóttaleiðir í báðar áttir, auk flóttaleiða út um glugga á hverju herbergi. Í byggingunni frá 2013, sem er steinsteypt á tveimur hæðum, eru herbergi á efri hæð. Á neðri hæð er móttaka, matsalur og eldhús ásamt nokkrum fjölskylduherbergjum. Húsið er vel brunahólfað og brunavarnarkerfi er í öllum húsunum, sem tengd er móttöku og það er alltaf vakt í húsinu. Ekki er sjálfvirkt slökkvikerfi í húsinu. Brunahani er við húsið sem gefur 2800 l/mín. sem uppfyllir vatnspörfina miðað við þær byggingar sem eru á svæðinu í dag.

### Niðurstaða:

Líkur á stórbruna eru til staðar. Eldur gæti skapað hættu á töluverðu tjóni, þar sem hluti af húsinu er timburhús og ekki er sjálfvirkt slökkvikerfi í húsinu. SM hefur nægilegt afl til að ráða við slökkvistarf í þessari byggingu haldi öll brunahólf hússins. Fari svo að brunahólfun haldi ekki eða að eldur hefur verið laus í húsinu í lengri tíma en brunahólfanir þess ráða við þarf að leita aðstoðar frá nærliggjandi slökkviliðum. Fyrsta viðbragð vegna bruna í húsinu yrði ávallt að kalla eftir aðstoð nærliggjandi sveitarfélaga í samræmi við samstarfssamninga. Mikilvægt er að eldvarnareftirlit taki húsnæðið út árlega auk þess sem viðbragðsáætlun starfsmanna og grunn þjálfun þeirra sé til staðar vegna fyrstu viðbragða við eldsvoða.

Bygg.ár	Stærð	Bygg-efni	Brunahani	Hæð	Fjöldi brunahólfa	Stærsta brunahólf
1994-2013	3348	Steinst. Timbur	20 m	2	11	539 m <sup>2</sup>
Vatnsúðakerfi Vatnspörf Brunaviðvörðunarkerfi						
nei	784	Já	Annað:			
<b>Stærsta áhætta:</b> Þjörgun á fólki						
<b>Hættuleg efni:</b> Gas í eldhúsi.						

### Sunnubraut 15:

Um er að ræða iðnaðarhús sem var byggt 1966 og er 1507 fermetrar. Í húsinu er vörugeymsla fyrir flutningafyrirtæki, geymslur og brugghús með veitingaaðstöðu. Húsið er þrjú brunahólf. Ekkert brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu

**Niðurstaða:**

Líkur á bruna eru til staðar. Það er eldhús og brugghús í húsinu ásamt miklu magni af vörum. Þarna má búast við miklum eldi. Það er mjög stutt yfir í næstu íbúðarhús sem standa við Sunnubraut og Mánabraut. SM mun að öllum líkindum ráða við eld á byrjunarstigi haldi brunahólfun innan hússins. Fyrsta viðbragð vegna bruna í húsinu yrði ávallt að kalla eftir aðstoð nærliggjandi sveitarfélaga í samræmi við samstarfssamninga. Mikilvægt er að eldvarnareftirlit taki húsnæðið út árlega auk þess sem viðbragðsáætlun starfsmanna og grunn þjálfun þeirra sé til staðar vegna fyrstu viðbragða við eldsvoða. Við stórbruna í húsnæðinu væri mikilvægast að verja nærliggjandi byggð.

Bygg.ár	Stærð	Bygg-efni	Brunahani	Hæð	Fjöldi brunahólfa	Stærsta brunahólf
1974-2002	1507	Steinsteypa	120 m	1	3	613 m <sup>2</sup>
<b>Vatnsúðakerfi</b> Vatnspörf Brunaviðvörunarkerfi						
nei	3415	nei				
<b>Stærsta áhætta:</b> björgun á fólki, Brugghús, veitingastaður, geymslur, vöruhús						
<b>Hættuleg efni:</b> Getur verið áburður, gas og fleira í vöruhúsi.						

**Víkurskóli í Vík**

Mánabraut 3, Grunnskóli Mýrdalshrepps, Leikskóli og íþróttamiðstöð er í tveimur byggingum, samtengdum með gangi. Eldra húsið er steinhús á einni hæð, byggt 1974 og er 835,6 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Húsið er ein brunasamtæða. Í húsinu eru sex venjulegar kennslustofur, tölvustofa, efnafræðistofa, bókasafn og eldhús fyrir heimilisfræði. Í húsinu er vinnuástaða fyrir kennara, aðstoðarskólalastjóra og skólalastjóra. Þá er í húsinu eldtraustur skápur og geymslur. Yngra húsið, byggt 2002 er sambyggt íþróttahúsi og er alls 1028,2 m<sup>2</sup>. Sá hluti hússins sem tilheyrir leik- og tónskóla er 297,9 m<sup>2</sup> en það sem tilheyrir íþróttahúsinu 730,3 m<sup>2</sup> þar af íþróttasalur um 520 m<sup>2</sup>. Í húsinu eru fjórar venjulegar kennslustofur sem ásamt gangi salernum og tveim geymslum eru sér brunahólf. Þá eru í húsinu tvær kennslustofur Tónskóla Mýrdalshrepps sem ásamt húsvarðarherbergi, tæknirými og anddyri mynda sér brunahólf. Í byggingunni er þjónusturými fyrir íþróttahúsið og sundlaug sem er útilaug. Húsin eru tengd saman með tengibyggingu. Í húsinu er brunaviðvörunarkerfi en það er ekki tengt vakt.

**Niðurstaða:**

Líkur á stórbruna á skólatíma eru litlar en verði eldsvoði á skólatíma má reikna með mikilli aðgerð við björgun fólks þar sem nemendur og starfsmenn eru c.a 100. Líkur á manntjóni eru óverulegar þar sem flóttaleiðir eru út um glugga á nánast hverri skólstofu. Eignatjón kann að verða mikið þar sem eldra húsið er eitt brunahólf. SM hefur mannafla til að takast á við bruna á byrjunarstigi í húsinu en nauðsynlegt er að brunahólfa eldhús í eldri hluta skólans frá öðrum byggingarhlutum. Gera þarf breytingar á brunaviðvörunarkerfinu þannig að það sendi upplýsingar um bruna annað hvort í vakt eða vaktsíma. Fyrsta viðbragð vegna bruna í húsinu yrði ávallt að kalla eftir aðstoð nærliggjandi sveitarfélaga í samræmi við samstarfssamninga. Mikilvægt er að eldvarnareftirlit taki húsnæðið út árlega auk þess sem viðbragðsáætlun starfsmanna og grunn þjálfun þeirra sé til staðar vegna fyrstu viðbragða við eldsvoða.

Bygg.ár	Stærð	Bygg-efni	Brunahani	Hæð	Fjöldi brunahólfa	Stærsta brunahólf
1974-2002	1863	Steinsteypa	10 m	1	4	835,6
Vatnsúðakerfi	Vatnspörf	Brunaviðvörunarkerfi				
nei	3205	Já				
<b>Stærsta áhætta:</b> björgun á fólki/leikskóli						
<b>Hættuleg efni:</b> Klór fyrir sundlaug						

### Sunnubraut 14 – 16 :

Byggingin er gamalt sláturhús byggt 1955, steinsteypt með kraftsperru þaki alls 1267 m<sup>2</sup> að stærð. Húsið er tvær brunasamstæða en ekkert brunaviðvörunarkerfi er í húsinu. Í vestur hluta hússins eru geymdir tjaldvagnar og hjólhýsi yfir vetrarmánuðina, geymslur eru í hluta hússins og bifreiðaverkstæði í austur hluta þess.

### Niðurstaða

Það eru ekki miklar líkur á eldstoða í húsinu, en verði eldur laus má búast við að erfitt geti orðið að ráða við hann. Yfir vetrarmánuðina er geymt mikið magn af ferðavögnum innan hússins hugsanlega eru gaskútar og fl. tengt því. Það er erfitt að meta hvort SM ráði við eld í þessu húsi nema á byrjunarstigi enda er stærð stærra brunahólfs umfram slökkvigeitu SM. Kraftsperrupak er í húsinu sem eru ekki varðar fyrir eldi. Fyrsta viðbragð vegna bruna í húsinu yrði því ávallt að kalla eftir aðstoð nærliggjandi sveitarfélaga í samræmi við samstarfssamninga. Mikilvægt er að eldvarnareftirlit taki húsnæðið út í samræmi við áætlun auk þess sem viðbragðsáætlun sé til staðar og að eigendur og leigjendur hússins hafi hlotið grunn þjálfun vegna fyrstu viðbragða við eldsvoða.

Bygg.ár	Stærð	Bygg-efni	Brunahani	Hæð	Fjöldi brunahólfa	Stærsta brunahólf
1955	1267	Steinsteypa	80 m	1	2	1064
Vatnsúðakerfi	Vatnspörf	Brunaviðvörunarkerfi				
nei	4499	Nei				
<b>Stærsta áhætta:</b> Ferðavagnar yfir vetrartímann, Kraftsperrupak						
<b>Hættuleg efni:</b> Gas						

### Hótel Puffin

Víkurbraut 26, Puffin Hótel stendur við hlið Brydebúðar í vesturhluta Víkurþorps. Byggingin er byggð árið 1960 og er 888 ferm. Hótelið er tvær hæðir. Flóttaleiðir eru um stiga út um aðalinngang á suðurhlið, og neyðarútgang á norður hlið. Á neðri hæð er matsalur, eldhús, snyrtingar og nokkur herbergi. Í húsinu er brunaboðunarkerfi sem tengis stjórnstöð í gestamóttöku.

### Niðurstaða:

Líkur á stórbruna eru til staðar en ekki nema í eldhúsi og þvottahúsi. Eldur að næturlagi gæti skapað hættu á tölvuverðu tjóni. Tveir brunahanar eru í nágrenni hússins sem gefa annars vegar 700 l. og hins vegar 2800 l. Ef mikill vindur er getur orðið hætta á að eldur geti komist í næstu hús. Aðstoð þarf frá nærliggjandi slökkviliðum og björgunarsveit.



Bygg.ár	Stærð	Bygg-efni	Brunahani	Hæð	Fjöldi brunahólfa	Stærsta brunahólf
1960-2005	888 m <sup>2</sup>	Steinst. Timbur	115 m	2	3	255 m <sup>2</sup>
Vatnsúðakerfi	Vatnspörf	Brunaviðvörunarkerfi				
nei	922	Já	Annað:			
<b>Stærsta áhætta:</b> Björgun á fólki						
<b>Hættuleg efni:</b> Gas í eldhúsi.						

**Víkurbraut 24a – Puffin gistiheimili**

Hótel er rekið samhliða rekstri Puffin Hótel að Víkurbraut 26 í “Gamla hótelinu” Víkurbraut 24, sem er 247,1 ferm byggt 1908 sem gistiheimili. Húsið hefur nokkuð menningarsögulegt gildi þar sem það er eitt elsta gistiheimili landsins. Það hús er tvær hæðir með risi þar sem flóttaleiðir eru út á lægra þak sömu byggingar. Stigar eru þröngir og húsið gamalt og eldsmatur mikill. Brunaboðar í húsinu eru tengdir einni rás í sömu stjórnstöð og Víkurbraut 26. Ekki er sjálfvirk slökkvikerfi í húsunum.

**Niðurstaða:**

*Ef eldur verður í gistihúsinu er töluverð hættu á slysum á fólki þar sem flóttaleiðir eru erfiðar og þröngar og brunahólfun lítil sem engin. Helstu vandamál SM er hæð hússins og hvað stutt er í næstu hús bæði í vestur og austur.*

Bygg.ár	Stærð	Bygg-efni	Brunahani	Hæð	Fjöldi brunahólfa	Stærsta brunahólf
1994-2013	3348	Steinst. Timbur	20 m	2+ris	1	247,1 m <sup>2</sup>
Vatnsúðakerfi	Vatnspörf	Brunaviðvörunarkerfi				
nei	2179	Já	Annað:			
<b>Stærsta áhætta:</b> Björgun á fólki						
<b>Hættuleg efni:</b>						

**Dvalarheimilið Hjallatún, Hátún 12:**

Eldra húsið er steinsteypt en nýrra húsið er timburhús, klætt með steniklæðningu. Byggingin er byggð á árunum 1976/83/88 og er á um 783,2 ferm. Í því húsi er meðal annars eldhús og matsalur. Húsin tengjast með stiga. Húsið er brunahólfað á milli hæða. Æskilegt væði að eldhús væri brunahólfað frá öðrum hlutum hússins eða þar sett upp sjálfvirk slökkvikerfi í háf. Það er brunaviðvörunarkerfi í húsinu en það er ekki tengt vaktstöð. Það eru góðar útgönguleiðir út úr öllum herbergjum á neðri hæðinni, góðar útgönguleiðir eru úr matsal og flóttaleiðir í tvær áttir úr herbergjum í nýrri byggingunni.

Reikna má með að meðaltali séu um 18 sjúklingar og vistmenn í húsnæðinu öllu og þar starfa 22 starfsmenn í 9 stöðugildum.

**Niðurstaða:**

Þar sem eldhús er til staðar í húsinu, verður að reikna líkur á eldsvoða yfir meðallagi. Verði eldur laus má reikna með mikilli aðgerð við björgun. Það er brunahani við húsið og einnig hægt að sækja vatn í ána 180 metra leið.

Vegna eðli starfseminnar má ætla að það þurfi aðstoð björgunarsveitar, Rauðakrossins og jafnvel nágrennaslökkviliða.

Bygg.ár	Stærð	Bygg-efni	Brunahani	Hæð	Fjöldi brunahólfa	Stærsta brunahólf
1976-88	783,2	Steinst. Timbur	20 m	1	2	400 m <sup>2</sup>
Vatnsúðakerfi Vatnspörf Brunaviðvörunarkerfi						
nei	1320	Já	Annað:			
<b>Stærsta áhætta:</b> Björgun á fólki						
<b>Hættuleg efni:</b> Súrefniskútar						

### **Brydebúð, Víkurbraut 28**

Brydebúð í gömlu endurbyggðu timburhúsi í Vík, byggt árið 1890 og er um 566 ferm. Húsið hefur að geyma talsverð menningarverðmæti, sem saman standa af gömlum munum frá ýmsum aðilum og sýningum sem settar hafa verið upp í húsinu með miklum kostnaði. Á sömu hæð er veitingastaðurinn Halldórskaffi þar er seldur matur og kaffi auk þess að vera krá. Á efri hæð hússins er íbúð sem leigð er út. Á neðri hæðinni er brunaboðunarkerfi sem tengt er vakt. Húsið er hluti af elsta hluta þorpsins þar sem bil milli húsa er mjög lítið.

#### **Niðurstaða:**

Þar sem eldhús og veitingastaður er í húsinu, verður að reikna líkur á eldsvoða yfir meðallagi. Verði eldur laus í húsinu er líkur á miklu tjóni þar sem um timburhús er að ræða. Mesta hættu er á að ekki takist að bjarga menningarverðmætum frá vatnsskemmdum og samtímis að verja önnur hús í nágrenninu, þar sem húsin standa mjög þétt. Helstu vandamál SM er hvað það stendur nálægt öðrum gömlum timburhúsum. Tveir brunahanar eru í nágrenni hússins sem gefa annars vegar 700 l. og hins vegar 2800 l. Aðstoð þarf frá nærliggjandi slökkviliðum og björgunarsveit.

Bygg.ár	Stærð	Bygg-efni	Brunahani	Hæð	Fjöldi brunahólfa	Stærsta brunahólf
1890	566	Timbur	20/100 m	2	1	566 m <sup>2</sup>
Vatnsúðakerfi Vatnspörf Brunaviðvörunarkerfi						
nei	2640	Já	Annað:			
<b>Stærsta áhætta:</b> Björgun á fólki / menningarverðmæti						
<b>Hættuleg efni:</b> Gas í eldhúsi, nálægð við næstu hús.						

### **Víkurskáli í Vík**

Austurvegur 18, Víkurskáli er steinhús klætt og hólfað að innan með timbur veggjum. Byggingin er byggð að mestu árið 1974 (viðbygging ekki skráð með ártali) og er 550 m<sup>2</sup>. Eldri og yngri bygging eru ein brunasamstæða. Í húsinu er bensínafgreiðsla, sjoppa og grill. Einnig er í húsinu geymsla fyrir smurolíur og gaskúta. Bensíndælur eru stutt frá vegg hússins. Í húsinu er brunaboðunarkerfi, þó ekki tengt öðrum en rekstrarstjóra.

#### **Niðurstaða:**

Þar sem eldhús er til staðar í húsinu verður að reikna með líkum á eldsvoða yfir meðallagi. Verði eldur laus, skapast veruleg hættu af olíum og gaskútum, sem í húsinu eru, auk þess sem stutt er í bensíndælur. SM á að hafa nægilegt afl til að ráða við slökkvistarf á byrjunarstigi en ekki nái eldur útbreiðslu í húsinu, þar sem það er ekki hólfað niður. Aðstoð gæti þurft frá nærliggjandi slökkviliðum.



Bygg.ár	Stærð	Bygg-efni	Brunahani	Hæð	Fjöldi brunahólfa	Stærsta brunahólf
1974	550	Steinsteypa	100 m	1	1	550 m <sup>2</sup>
<b>Vatnsúðakerfi</b> Vatnspörf Brunaviðvörunarkerfi						
nei	2351	Já	Annað:			
<b>Stærsta áhætta:</b> Björgun á fólki / bensínstöð / eldhús						
<b>Hættuleg efni:</b> Gas í eldhúsi, olíur og bensín						

### Félagsheimilið Leikskálar

Víkurbraut 8, Leikskálar er hefðbundið félagsheimili. Byggingin er frá 1966. Í húsinu eru sjaldan haldnir stór dansleikir, aðallega þorablót og árshátíðir. Um er að ræða húsnæði u.þ.b. 500 m<sup>2</sup> og hámarks fjöldi í húsnæðinu er 300 manns. Flóttaleiðir eru tvær en ekki er brunaviðvörunarkerfi í húsnæðinu. Á dansleikjum er gæsla sem dregur úr líkum á slysum.

#### Niðurstaða:

Litlar líkur á að stór eldur verði, en verði eldur á dansleik þarf að kalla til aðstoð björgunarsveitarinnar á svæðinu til að aðstoða við rýmingu. Hólfa þarf byggingu betur og koma fyrir sjálfvirku brunaviðvörunarkerfi.

Bygg.ár	Stærð	Bygg-efni	Brunahani	Hæð	Fjöldi brunahólfa	Stærsta brunahólf
1966	497,2	Steinsteypa	30 m	2	1	497,2 m <sup>2</sup>
<b>Vatnsúðakerfi</b> Vatnspörf Brunaviðvörunarkerfi						
nei	1546	Nei	Annað:			
<b>Stærsta áhætta:</b> Björgun á fólki						
<b>Hættuleg efni:</b>						

### 6.1.2 Dreifbýli

**Hótel Dyrhólaey** er hótél í 10 km fjarlægð frá Vík. Hótelið er fimm sjálfstæðar byggingar sem hver um sig er sjálfstæð brunaeining. Fjögur húsanna eru úr timbri og eitt er úr samansettum herbergjagámum sem tengdir eru saman með gangi og bárujárnsþaki. Byggingarnar eru byggðar á árunum 1997, 2002, 2004, 2011, 2013 og 2016. Grunnflötur bygginganna er 4258 m<sup>2</sup> og vatnspörf 700 til 2000 lítrar pr hús á mín. Í öllum tilfellum eru flóttaleiðir í báðar áttir á göngum húsanna og neyðarútgangur í gegnum glugga í öllum herbergjum. Í húsinu sem tekið var í gagnið 2016 er steinsteypt einingahús á tveimur hæðum. Á efri hæð eru herbergi og á þeirri neðri herbergi og æfingasalur. Húsið verður tengt við hinar byggingarnar með tengibyggingu.

Öll húsin eru með brunaboðunarkerfi sem sýnir hvar eldur er laus og tengis stjórnstöð í elsta húsinu. Ekki er sjálfvirkt slökkvikerfi í húsunum

#### Niðurstaða:

Líkur á stórbruna eru til staðar en eru ekki miklar, nema í eldhúsi og þvottahúsi. Eldur að næturlagi gæti skapað hættu á töluverðu tjóni þar sem um timburhús er að ræða og fólk í svefni. Helstu vandamál SM eru að það tekur tíu til fimmtán mínútur að komast á staðinn við bestu skilyrði. Sambrunahætta er mjög mikil og erfitt er um vatn nema þá 11 þúsund lítra sem SM hefur meðferðis. Ólíklegt er að SM ráði við slökkvistarfar af þessari stærðargráðu þar sem fjarlægðin er svo mikil og mjög lítið vatn á staðnum. Búast má við miklu eignatjóni. Fyrsta viðbragð vegna bruna í húsinu yrði ávallt að kalla eftir aðstoð nærliggjandi



sveitarfélaga í samræmi við samstarfssamninga. Mikilvægt er að eldvarnareftirlit taki húsnæðið út árlega auk þess sem viðbragðsáætlun starfsmanna og grunn þjálfun þeirra sé til staðar vegna fyrstu viðbragða við eldsvoða. Í ljósi umfangs og gerðar húsa á svæðinu og vandkvæða við vatnsöflun skiptir fyrsta viðbragð miklu máli. Forvarnir af hálfu eldvarnareftirlits þurfa að koma til að sama skapi. Nauðsynlegt er að brunahanna húsið í heild sinni. Eigendur skulu vinna tímasetta aðgerðaráætlun á árinu 2018 í samráði við eldvarnareftirlit sem felur í sé brunahönnun húsa í heild sinni og aðgerða á grundvelli þeirrar skýrslu. Að mati SM er þó fólki ekki hættu búin innan bygginganna þar sem flóttaleiðir og björgunarop eru greiðfær auk þess sem nýtt brunaviðvörðunarkerfi er í öllum byggingunum. Töluverðar líkur eru á miklu eignartjóni komi til bruna.

Bygg.ár	Stærð	Bygg-efni	Brunahani	Hæð	Fjöldi brunahólfa	Stærsta brunahólf
1997-2016	4258	Steinsteypa	Ekki til staðar	2	7	515 m <sup>2</sup>
Vatnsúðakerfi	Vatnspörf	Brunaviðvörðunarkerfi				
nei	2288	Já	Annað:Safntankur fyrir vatn er á staðnum ath. Upps. brunah.			
<b>Stærsta áhætta:</b> Björgun á fólki, vatnsöflun, fjarlægð frá slökkvistöð						
<b>Hættuleg efni:</b> Gas eldhúsi						

### Hótel Höfðabrekka

Hótel staðsett í 5 km fjarlægð frá Vík. Hóтелиð saman stendur af 9 húsum sem öll eru sjálfstæðar brunaeiningar. Þvottahús og herbergi fyrir starfsmenn eru í einni byggingu á svæðinu. Flest húsin eru límtréshús 250 til 200 m<sup>2</sup> að stærð. Eitt límtrés húsið er 750 m<sup>2</sup> að stærð og er tvær brunaeiningar, tvö hús eru steinsteypt og annað þeirra tveggja hæða og er það 1470 m<sup>2</sup> að stærð. Byggingarnar eru byggðar á árunum 1989 til 2016. Í öllum tilfellum eru flóttaleiðir í báðar áttir á göngum húsa og neyðarútgangur í gegnum glugga á öllum herbergjum nema í nýjasta húsinu sem er á tveimur hæðum. Til viðbótar er eldhús og matsalur áfastur íbúðarhúsi með eldvarnarhurð á milli. Þvottahús og starfsmannaíbúð er í sér húsi á lóðinni og einnig sturtuhús fyrir heita potta sem gestir hafa aðgang að. Þá hafa verið byggð tvö íbúðarhús til viðbótar á jörðinni stutt frá öðrum byggingum. Vatnsöflun til slökkvistarfa eru úr tjörn við bæinn. Öll húsin eru með brunaboðunarkerfi sem sýnir hvar eldur er laus.

### Niðurstaða:

Líkur á stórbruna eru til staðar, en ekki miklar nema í eldhúsi og þvottahúsi. Eldur að næturlagi gæti skapað hættu á töluverðu tjóni þar sem um timburhús er að ræða og fólki í svefni. Veður getur haft mikil áhrif þar sem ekki er langt á milli bygginga. Við eðlileg skilyrði og ef brunahólfanir halda ætti SM að ráða við eld í húsunum. Það tekur liðið c.a 7 mín að keyra á staðinn við bestu skilyrði. Það er nægjanlegt vatn í tjörnum á svæðinu en það rennur heitt vatn í aðra tjörnina og leggur hana ekki. Fyrsta viðbragð vegna bruna í húsinu yrði ávallt að kalla eftir aðstoð nærliggjandi sveitarfélaga í samræmi við samstarfssamninga. Mikilvægt er að eldvarnareftirlit taki húsnæðið út árlega auk þess sem viðbragðsáætlun starfsmanna og grunn þjálfun þeirra sé til staðar vegna fyrstu viðbragða við eldsvoða.





Bygg.ár	Stærð	Bygg-efni	Brunahani	Hæð	Fjöldi brunahólfa	Stærsta brunahólf
1997-2016	4571	Steinst/timbur/límtré	Ekki til staðar	2	7	813 m <sup>2</sup>
Vatnsúðakerfi	Vatnspörf	Brunaviðvörunarkerfi				
nei	2258	Já	Annað: Nóg slökkvivatn á staðnum.			
<b>Stærsta áhætta:</b> Björgun á fólki						
<b>Hættuleg efni:</b> Gas eldhúsi						

### Sólheimahjáleiga

Að Sólheimahjáleigu er rekið hótél í tveimur aðskildum húsum. Annarsvegar eru um að ræða gistiálmu úr gámaeiningum, byggt árið 2010 alls 289,3 m<sup>2</sup>. Húsið er ein brunaeining með sjálfvirku brunaviðvörunarkerfi tengt stjórnstöð. Hinsvegar er um að ræða gamalt íbúðarhús byggt árið 1959 auk viðbyggingar á tveimur hæðum frá 2015 alls 231,4m<sup>2</sup> með sjálfvirku brunaviðvörunarkerfi tengt stjórnstöð. Í íbúðarhúsi er matsalur sem er nýttur fyrir bæði gistihúsin.

### Niðurstaða:

Líkur á stórbruna eru til staðar en eru ekki miklar nema í eldhúsi og þvottahúsi. Eldur að næturlagi gæti skapað hættu á töluverðu tjóni þar sem um timburhús er að ræða og fólk í svefni. Helstu vandamál SM eru að það tekur tuttugu mínútur að komast á staðinn við bestu skilyrði og það tekur nokkra stund að koma upp vatnsöflun. Búast má við nokkru tjóni á fasteignum.

Bygg.ár	Stærð	Bygg-efni	Brunahani	Hæð	Fjöldi brunahólfa	Stærsta brunahólf
1959-2016	785	Steinst, timbur	Ekki til staðar	1	2	289,3 m <sup>2</sup>
Vatnsúðakerfi	Vatnspörf	Brunaviðvörunarkerfi				
nei	1429	Já	Annað:			
<b>Stærsta áhætta:</b> Björgun á fólki, fjarlægð frá slökkvistöð.						
<b>Hættuleg efni:</b>						

### Ytri Sólheimar 1

Að Ytri-Sólheimum er rekin ferðapjónusta bæði með ferðum á Mýrdalsjökul og gistingu. Þarna er íbúðarhús 157 fermerter, þjónustuhús 116 fermertar fyrir sleðaferðir, verkstæði og gisting í 653 fermertra húsi. Góðar flóttaleiðir eru úr húsunum, nýlegt brunaviðvörunarkerfi og góðar hólfanir, fyrir utan þjónustuhúsið sem stendur svolítið í burtu.

### Niðurstaða:

Líkur á stórbruna eru til staðar en eru ekki miklar nema í eldhúsi og þvottahúsi. Helstu vandamál SM eru að það tekur tuttugu mínútur að komast á staðinn við bestu skilyrði og það tekur nokkra stund að koma upp vatnsöflun. Búast má við nokkru tjóni á fasteignum.

Bygg.ár	Stærð	Bygg-efni	Brunahani	Hæð	Fjöldi brunahólfa	Stærsta brunahólf
1948-1955	926	Steinst/timbur	Ekki til staðar	2	4	157 m <sup>2</sup>
Vatnsúðakerfi	Vatnspörf	Brunaviðvörunarkerfi				
nei	1093	Já	Annað: Nóg slökkvivatn á staðnum.			
<b>Stærsta áhætta:</b> Björgun á fólki, fjarlægð frá slökkvistöð.						
<b>Hættuleg efni:</b> Olía og fleira tengt verkstæði.						

### Vellir

Að Völlum er rekin ferðapjónusta í 563,8 fermetra útihúsi sem búið er að breyta í gistihús. Einnig eru tvö sumarhús til leigu til ferðamanna á svæðinu. Er gistihúsið mjög vel hólfað með tilliti til bruna, samtengdir reykskynjarar eru í húsinu. Það er eldhús og matsalur í húsinu. Góðar flóttaleiðir eru úr hverju herbergi og ætti ekki að taka langan tíma að rýma húsið.

#### Niðurstaða:

Líkur á stórbruna eru til staðar en eru ekki miklar, nema í eldhúsi og þvottahúsi. Helstu vandamál SM eru að það tekur 15 mínútur að komast á staðinn við bestu skilyrði. Það er mjög lítið af vatni á svæðinu og verður að ná í það langar leiðir. Búast má við nokkru tjóni á fasteignum.

Bygg.ár	Stærð	Bygg-efni	Brunahani	Hæð	Fjöldi brunahólfa	Stærsta brunahólf
1962-1985	564	Steinst/timbur/límtré	Ekki til staðar	1	3	150 m <sup>2</sup>
Vatnsúðakerfi Vatnsþörf Brunaviðvörnarkerfi						
nei	977	Já				
<b>Stærsta áhætta:</b> Björgun á fólki, vatnsöflun.						
<b>Hættuleg efni:</b>						

#### Steig

Að Steig er rekin ferðapjónusta í tveimur húsum, annars vegar íbúðarhúsi sem byggt var 1981 156,7 m<sup>2</sup> og hins vegar í húsi sem byggt var 2008 454,1 m<sup>2</sup> og eru húsin sambyggð. Í eldra húsinu sem telst eitt brunahólf eru herbergi og þvottahús, í nýrra húsinu eru eldhús, matsalur og herbergi, eru herbergin öll sjálfstæð brunahólf með 30 mín. hurðum. Brunaviðvörnarkerfi er í húsinu og hægt að komast út um glugga á hverju herbergi.

#### Niðurstaða:

Líkur á stórbruna eru til staðar en eru ekki miklar nema í eldhúsi og þvottahúsi. Helstu vandamál SM eru að það tekur allt að 15 mínútur að komast á staðinn við bestu skilyrði. Það er mjög lítið af vatni á svæðinu en þó er hægt að nálgast vatn í tjörnum sem eru í um 500 fjarlægð auk lækjar sem yfirleitt er vatn í. Búast má við nokkru tjóni á fasteignum.

Bygg.ár	Stærð	Bygg-efni	Brunahani	Hæð	Fjöldi brunahólfa	Stærsta brunahólf
1981-2008	610,8	Steins./timbur	Ekki til staðar	1	2	544 m <sup>2</sup>
Vatnsúðakerfi Vatnsþörf Brunaviðvörnarkerfi						
nei	2925	Já	Annað:			
<b>Stærsta áhætta:</b> Björgun á fólki, vatnsöflun.						
<b>Hættuleg efni:</b>						



## 6.2 Vatnsverndarsvæði og önnur viðkvæmd svæði

Þrjú vatnsverndarsvæði er í Mýrdalshreppi og eru þau staðsett á eftirfarandi stöðum.

### a) Austurhlíð Reynisfjalls

Vatnsból þorpsins er staðsett í austurhlíð Reynisfjalls og er skilgreint Vatnsverndarsvæði, svæðið nær að þjóðvegi, samkvæmt aðalskipulagi Mýrdalshrepps. Skilgreint er grannsvæði, fjarsvæði og brunnsvæði

### b) Vesturhlíð Reynisfjalls

Vatnsból Reynishverfis er staðsett í vesturhlíð Reynisfjalls í samræmi við uppdrátt. Skilgreint er grannsvæði, fjarsvæði og brunnsvæði


### c) Pétursey

Við Pétursey er vatnsveita sem hefur skilgreint nærsvæði við Pétursey að þjóðvegi 1 og fjarsvæði frá þjóðvegi 1 til norðurs að rótum Hrútagils

Öll vatnsverndarsvæði eru merkt sérstaklega þar sem þau eru og liggja að vegum. Komi til mengunarslysa á þessum svæðum skal fara eftir eftirfarandi aðgerðaráætlun:

#### 1. Austurhlíð Reynisfjalls – Vatnsból Víkurþorps

Komi til mengunarslyss á grannsvæði eða brunnsvæði vatnsveitu Víkurþorps skal hið fyrsta hefjast handa við jarðvegsskipti á svæðinu. Við nær og brunnsvæði er dúkur í jarðlögum sem á að hindra lekt spilliefna niður í vatnból komi til bílslysa eða annarra mengunarslysa. Fyrsta viðbragð skal ávalt miða að því að stöðva leka á spilliefnum ofan í jarðlög þangað til að aðstoð berst frá SHS (fylgiskjal 8) sé um stórvægilegt mengunarslys að ræða. SM hefur möguleika á að bregðast við minni atvikum komi til þess að þetta leka á olíuflutningabílum eða öðrum viðlíka aðstæðum.



Vatnsverndarsvæði Reynisfjall

#### 2. Vesturhlíð Reynisfjalls – Vatnsból Reynishverfis


Komi til mengunarslyss á grannsvæði eða brunnsvæði vatnsveitu Reynishverfis skal hið fyrsta hefjast handa við jarðvegsskipti á svæðinu. Fyrsta viðbragð skal ávalt miða

að því að stöðva leka á spilliefnum ofan í jarðlög, þangað til að aðstoð berst frá SHS sé um stórvægilegt mengunarslys að ræða. SM hefur möguleika á að bregðast við minni atvikum komi til þess að þetta leka á olíuflutningabílum eða öðrum viðlíka aðstæðum.

### 3. Pétursey – Vatnsveita Péturseyja bæja

Komi til mengunarslyss á grannsvæði eða brunnsvæði vatnsveitu við Pétursey skal hið fyrsta hefjast handa við jarðvegsskipti á svæðinu. Fyrsta viðbragð skal ávalt miða að því að stöðva leka á spilliefnum ofan í jarðlög þangað til að aðstoð berst frá SHS sé um stórvægilegt mengunarslys að ræða. SM hefur möguleika á að bregðast við minni atvikum komi til þess að þetta leka á olíuflutningabílum eða öðrum viðlíka aðstæðum.

- Vatnsvernd, brunnsvæði  
Water protection area I
- Vatnsvernd, grannsvæði  
Water protection area II
- Vatnsvernd, fjarsvæði  
Water protection area III



Vatnsverndarsvæði Pétursey



### 6.3 Tíðni eldvarnarskoðana

Tíðni eldvarnarskoðana fer samkvæmt skoðunaráætlun sem er birt árlega á heimasíðu sveitarfélagsins sbr. Kafli 3.2. Áætlun er birt með brunavarnaráætlun merkt fylgiskjal 2.

### 6.4 Fyrirkomulag byggðar m.t.t. eldhættu.

#### a. Atvinnustarfsemi

Öll helsta iðnaðar og atvinnustarfsemi innan þéttbýlismarka er innan skipulagðs iðnaðarsvæðis sbr. Uppdrætti merkt I1, I2 og A1. Auk þess sem svæði vestast í þorpinu telst til blandaðs svæðis samkvæmt skilgreindri notkun í aðalskipulagi.



Nokkur eldhætta er innan þessara svæða en þó er um frekar lítil iðnaðarhús að ræða auk þess sem svæðið er í töluverðri fjarlægð frá íbúðarbyggð. Gámasvæði sveitarfélagsins er innan þessara marka. SM telur ekki mikla hættu á stórum eldi eða sambrunahættu á milli bygginga en þó eru líkur á eldsvoða hugsanlega meiri innan þessa svæðis þar sem starfsemin er þess eðlis. Stærsta áhættan er við verkstæði að Smiðjuvegi 17 og í húsnæði björgunarsveitarinnar þar sem unnið er með flugelda á ákveðnum tímum ársins. Sérstök eldvarnarskoðun fer fram árlega vegna þessa. Aldrei hefur brunnið innan svæðis.

#### b. Samgöngumannvirki

Engin meiriháttar samgöngumannvirki eru innan sveitarfélagsins s.s. jarðgöng eða hafnir. Hinsvegar er ein umferðarmesta einbreiða brú á Íslandi innan sveitarfélagsmarka, brúin yfir Jökulsá á Sólheimasandi. Síðastliðin 5 ára hafa orðið 7 slys við brúna sem má rekja beint til aðstæðna sem skapast á og við brúna. Hún telst því að mati SM stór áhætta innan sveitarfélagsins m.t.t. hættu á umferðarslysum.


#### c. Íbúðarbyggð

Svæðið sem telst til íbúðarbyggðar er skilgreint innan aðalskipulags Mýrdalshrepps. Áhætta á bruna í íbúðarbyggð telst vera sambærileg í öllum skilgreindum hverfum þorpsins nema í elsta hluta þorpsins þar sem finna má íbúðarhús byggð á árunum 1900-1920. Þar sem um þetta byggð timburhúsa er að ræða verður nánar fjallað um hana í lið e.

#### d. Frístundabyggð



Svæði sem teljast við frístundabyggðar í aðalskipulagi er skipt upp í 9 liði. Flest svæðin eru minniháttar að stærð og umfangi ef frá eru talin svæði að Fellsmörk F3a, F3b og F3c. Fellsmörk er staðsett í um 15 min. fjarlægð frá Vík í vesturátt. Helsta áhættan á svæðinu er skortur á aðgengi. Svæðið er nokkuð skógi vaxið þar sem um skógræktarsvæði er að ræða. Nokkur fjöldi mis stórra bústaða er innan þessara svæða en góðar fjarlægðir eru á milli þeirra og því engin sambrunahætta. Þær aðstæður geta þó skapast ef kemur til útkalls vegna bruna að SM komist ekki að húsum innan svæðis sökum slæmra vega.



#### e. Þétt timburhúsabyggð

Eins og tiltekið er í lið c. er sérstök áhætta vegna þéttar timburhúsabyggðar í vesturhluta Víkurþorps. Segja má að hættan sé tvískipt, annarsvegar á milli Víkurbrautar 16-24 og hinsvegar á milli Víkurbrautar 28-36.



Mjög stutt er á milli húsa og því hættu á sambruna nokkuð mikil. Líkur á bruna verða þó að teljast nokkuð litlar þar sem ekki hefur komið til útkalls vegna bruna innan íbúðarbyggðar í Vík síðastliðin 20 ár. SM er þó meðvitað um þá hættu sem er innan þessara svæða, útkallstími er mjög stuttur auk þess sem vatnöflun innan svæðisins telst fullnægjandi. 2800 l/s brunahani er við Víkurbraut 16, möguleiki er á að dæla upp úr Víkurá auk þess sem við gatnaframkvæmdir vestast á svæðinu stendur til að endurnýja vatnslagnir og brunahana á komandi árum.

#### f. Varaafli og fjarskiptamannvirki

Þrjú hús innan þorpsins eru sérstaklega mikilvæg þegar kemur að raforku og fjarskiptum.

- Ný spennistöð Rarik var byggð 2017 og stendur stakstæð vestast í þorpinu. Lítil sambrunahætta er á milli annarra húsa á svæðinu og hennar en



sérstaklega skal horfa til þess að vernda spennistöð komi til bruna í húsnæði Víkurbraut 21a.

- Varaafli dreifikerfis RARIK fyrir þorpið er í húsnæði að Víkurbraut 13. Húsið stendur nálægt öðrum húsum innan svæðis en er vel brunahólfað þ.e. það er steinsteypt og gluggalítið. Komi til bruna í húsnæði Sunnubraut 14-16 eða Víkurbraut 15a-15b horfi SM sérstaklega til þess að vernda húsið með öllum ráðum.
- Farskipti svæðisins fara öll í gegnum núverandi skrifstofuhúsnæði sveitarfélagsins að Austurvegi 17. Sá hluti hússins sem hýsir tækjabúnað Mílu er sérstaklega brunahólfaður frá öðrum hlutum hússins. Líkur á að bruni í öðrum hlutum hússins hafi áhrif á þann búnað er hverfandi. Sambrunahætta á milli húsa er lítil en komni til bruna í húsnæði Austurvegi 15 mun SM horfa sérstaklega til þess að vernda húsið með öllum ráðum. Vatnsóflun innan svæðis er ekki erfiðleikum háð, gott aðgengi er að brunahönum og stutt er í Víkurá.

### **6.5 Sinubruni.**

Varðandi sinubruna fer SM eftir reglugerð 325/2016 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum. Engin svæði eru sérstaklega tilgreind innan brunavarnaráætlunar SM þar sem ekki má brenna sinu. Öll slík leyfi fara eins og áður segir í samræmi við reglugerð þess efnis.

### **6.6 Brennustæði eða aðrar takmarkanir á meðferð opins elds.**

Varðandi brennustæði og meðferð opins elds fer SM eftir reglugerð 325/2016 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum. Engin svæði eru sérstaklega tilgreind innan brunavarnaráætlunar SM vegna brennustæða. Öll slík leyfi fara eins og áður segir í samræmi við reglugerð þess efnis.

---

## 7. Samkomulag og samningar.

Umtalsvert samstarf er við þá aðila sem snerta starfsemi SM þó ekki sé um formlega samninga að ræða. Helstu samstarfsaðilar eru í stafrófsröð.

- Almannaþing vegna hlutverks SM í almannavarnakerfinu
- Björgunarsveitin Víkverji – samstarfssamningur er við björgunarsveit fylgiskjal 9
- Mannvirkjastofnun vegna brunamála, eldvarnaeftirlits og brunamálaskólans
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands vegna mengunaróhappa
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands vegna sjúkraflutninga
- Lögreglan á suðurlandi vegna ýmissa sameiginlegra verkefna
- Neyðarlínan 112 vegna neyðarsvörunar og boðunar
- Skrifstofa Mýrdalshrepps vegna fjármála
- Vatnsveita Mýrdalshrepps vegna brunahana

### **Samningar:**

- Brunavarnir Rangárvallarsýslu – Samningur um gagnkvæma aðstoð. (fylgiskjal 7)
- Slökkviliðið Kirkjubæjarklaustri – Samningur um gagnkvæma aðstoð (fylgiskjal 6)
- SHS – Samstarfssamningur vegna stærri mengunarslysa (fylgiskjal 8)
- Björgunarsveitin Víkverji – Samstarfssamningur (fylgiskjal 9)

Nánari upplýsingar má nálgast innan skriflega samninga sem gerðir hafa verið og eru meðfylgjandi áætlun þessari undir fylgiskjö.





## 8. Framkvæmdaáætlun

### 8.1 Búnaður

#### Á árinu 2018.

- halda áfram að byggja upp og viðhalda slöngueign
- viðhalda hlífðarfatnaði slökkviliðsmanna ( kaupa tvo galla + hjálma)
- kaupa loftpúða til að nota með björgunartækjum (Búið að kaupa)
- Kaupa handverkfæri s.s. hjólsagir, sverðsagir o.fl. (Búið að kaupa)
- Kaupa einnota eiturefnagalla til lífbjörgunar

#### Á árinu 2019:

- halda áfram að byggja upp og viðhalda slöngueign SM
- viðhalda hlífðarfatnaði slökkviliðsmanna ( kaupa tvo galla + hjálma)
- kaupa reykköfunartæki
- Bæta við petalaklippum í klippubúnað
- kaupa tvær VHF talstöðvar (handstöðvar)
- Fá nýjan tank á 86-151 / 8-10 þús. lítrar

#### Á árinu 2020:

- halda áfram að byggja upp og viðhalda slöngueign
- viðhalda hlífðarfatnaði slökkviliðsmanna ( kaupa tvo galla + hjálma)
- kaupa lausa dælu 1600 til 2000 l/min
- kaupa stúta, millistykki og greinistykki
- kaupa reykköfunartæki

#### Á árinu 2021:

- halda áfram að byggja upp og viðhalda slöngueign SM
- viðhalda hlífðarfatnaði slökkviliðsmanna ( kaupa tvo galla + hjálma)
- Kaupa reykköfunartæki
- Kaupa hitamyndavél
- Kaupa rafdrifin reykblásara

#### Á árinu 2022:

- viðhalda hlífðarfatnaði slökkviliðsmanna ( kaupa tvo galla + hjálma)
- Skoða með endurnýjun á 86-161 tækjabíl (One/seven slökkvibíl)
- halda áfram að byggja upp og viðhalda slöngueign
- kaupa reykköfunartæki

### 8.2 Húsnæði

Núverandi slökkvistöð var tekin í notkun 2001. Húsið er 189 m<sup>2</sup>, bílageymsla fyrir þrjú bíla, ásamt geymslu fyrir tæki og áhöld. Yfir hluta af salnum er hæð og er þar aðstaða til funda. Hvorki er

---

salernis né sturtuaðstaða í húsinu. Staðsetning hússins er mjög góð með tilliti til Kötlugoss. Í suður hluta hússins er aðstaða stjórnenda og er það rými jafnframt hugsað sem stjórnstöðvarými í stærri viðburðum t.d. Kötlugosi.

Unnið er að skipulagsbreytingum á vegum sveitarfélagsins vegna byggingar á björgunarmiðstöð sem staðsett væri utan rýmingarsvæðis. Tímasetning vegna endurnýjunar húsnæðis liggur ekki fyrir við gerð þessarar áætlunar. Við endurnýjun aðstöðu SM verður að öllum líkindum byggð björgunarmiðstöð þar sem SM, lögregla og björgunarsveitin Víkverji hafa sína aðstöðu. Í lok árs 2017 hafa ekki verið unnar teikningar vegna þessarar uppbyggingar og ekki hefur verið gerð kostnaðaráætlun svo að unnt sé að tryggja fjármagn til verkefnisins. Kostnaðarpáttur hvers fyrir sig liggur að sama skapi ekki fyrir. Eins og áður hefur verið tiltekið í lið 4.1 hefur verið samþykkt í skipulagsnefnd og sveitarstjórn að hefjast handa við nauðsynlegar skipulagsbreytingar til að skilgreina svæði og lóð undir slíka uppbyggingu. Ætla má að á árinu 2018 verði farið í þá vegferð að láta hanna húsið og kostnaðargreina. Vonir standa því til að ný björgunarmiðstöð og þá um leið stór bætt aðstaða SM og aðra viðbragðsaðila í Mýrdalshreppi komi til framkvæmdar ekki síðar en 2019 að óbreyttu.

### **8.3 Afskriftir og úrelding búnaðar.**

Fasteignir og ökutæki SM eru hluti af eignarsjóði Mýrdalshrepps og afskrifast í samræmi við lög þess efnis um tekjuskatt nr.90/2003 þar sem fjallað er um fyrningu eigna. Annar búnaður SM úreldist í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda, notkun búnaðar, viðhald búnaðar, leiðbeiningar mannvirkjastofnunnar og reglugerð um starfsemi slökkviliða, verði fjallað um úreldingu búnaðar innan hennar við gildistöku. Allur almennur búnaður slökkviliðs endurnýjast í samræmi við framkvæmdaáætlun eins og hún birtist hér að ofan.

### **8.4 Áhættur sem SM ræður ekki við án aðstoðar og aðgerðaráætlun vegna þess.**

Tiltekið er í kafla 6.1 hvaða mannvirki teljist vera sérstakar brunahættur. Innan þess kafla er tiltekið hvernig sé áætlað að leita aðstoðar eða vinna að forvörnum innan þessara bygginga.



## 9. Annað.

Fyrir liggur samþykki sveitarstjórnar Mýrdalshrepps um að stjórnstöð almannavarnarnefndar í Kötlugosi sé staðsett í slökkvistöð. Gengið hefur verið frá tengingum fyrir þau fjarskipti sem nefndin kann að þarfnast.

Við Vík er flugvöllur sem er lítið notaður nema þá fyrir einkaflug.

Helstu endurvarpsstöðvar fyrir útvarp, sjónvarp og síma eru á Reynisfjalli og Háfelli í Mýrdal.

Engin hafnarmannvirki eru í Vík.

## Heimildir

Áhættumat er unnið úr gögnum eldvarnaeftirlits

Lög um brunamál nr. 75/2000

Leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlunar sveitarfélaga frá 5.júní 2015.

# Fylgiskjöl



## Fylgiskjal 1 útkallssvæði

### Útkallssvæði

Landfræðilegt þjónustusvæði Slökkviliðs Mýrdalshrepps nær frá Blautukvísl á Mýrdalssandi að Jökulsá á Sólheimasandi. Slökkviliðið er einnig kallað út ef eldur verður laus í Álfhverfi.



## Fylgiskjal 2 eldvarnareftirlit

## Eldvarnareftirlitsskoðanir

flokkur

## Einu sinni á ári þéttbýli

1	Víkverji Björgunarveit / flugeldasala	Vík
2	Iceware verslunarmiðstöð allt húsið	Vík
4	Icelandair Hótel / gisting og veitingar	Vík
4	Hótel Pruffin / gisting	Vík
4	Gistihús Puffin / gisting	Vík
4	Ársalir / Gisting	Vík
4	Farfluglaheimilið N-Vík / gisting	Vík
4	Gistihús Carína / gisting	Vík
4	Tjaldstæðið Vík / gisting	Vík
5	Víkurskóli / grunn- og leikskóli	Vík
5	Dvalarheimilið Hjallatún / vistheimili	Vík

## Annað hvert ár þéttbýli

1	Auðbert og Vigfús / vöruflutningar	Vík
1	Gamla sláturhús SS / Geymslur	Vík
1	Steyputöðin / steyputöð	Vík
1	Mýrdælingur / verkstæði	Vík
1	Bjarni Jón Finnsson / verkstæði	Vík
1	Rafsuð / rafmagsverkstæði	Vík
1	Framrás / bifreiðaverkstæði	Vík
1	Áhaldahús Vík / áhaldahús	Vík
1	Víkurskáli / sjoppa bensínsala	Vík
1	Vegagerðin / verkstæði	Vík
1	Hópfærðabílar suðurlands / verkstæði	Vík
1	Smári Tómasson / verkstæði	Vík
1	Gunnar Einarsson / verkstæði	Vík
1	Heilsugæslustöðin í Vík	Vík
1	KB Banki/Sýsluskrifstofa	Vík
1	RARIK / spennistöð / varaafll	Vík
2	Halldórskafti / veitingar	Vík
2	Suður Vík / veitingar	Vík
2	Smiðjan brugghús / veitingar	Vík
2	Víkirkirkja / kirkja	Vík
2	Bridebúð / safn	Vík
2	Leikskálar / félagsheimili	Vík
3	Víkurbraut 10 / gisting	Vík
3	Víkurbraut 16 / gisting	Vík
3	Víkurbraut 18/gisting	Vík
3	Víkurbraut 20a / gisting	Vík
3	Víkurbraut 30a / gisting	Vík
3	Víkurbraut 30c / gisting	Vík
3	Sunnubraut 3 / gisting	Vík
3	Sunnubraut 24 / gisting	Vík
3	Sunnubraut 31 / gisting	Vík
3	Bakkabraut 6 / gisting	Vík
3	Bakkabraut 12 / gisting	Vík
3	Hátuni 6 / gisting	Vík
3	Hátun 8 / gisting	Vík
3	Suðurvíkurvegi 8a / gisting	Vík
3	Kirkjuvegi 1 / gisting	Vík
3	Austurvegur 11B / gisting	Vík
3	Sigtún 3 / gisting	Vík

flokkur

## Einu sinni á ári dreifbýli

4	Hótel Dyrhólaey / gisting og veitingar	Dreifbýli
4	Hótel Katla / gisting og veitingar	Dreifbýli
4	Hótel Volcano / gisting, veitingar	Dreifbýli
4	Norður Foss / gisting	Dreifbýli
4	Ferðapj. Reyni / gisting	Dreifbýli
4	Ferðapj. Sólheimahjáleigu / gisting	Dreifbýli
4	Ferðapj. Giljum / gisting	Dreifbýli
4	Ferðapj. Sólheimakoti / gisting	Dreifbýli
4	Ferðapj. Steig / gisting	Dreifbýli
4	Ferðapj. Suður Hvoli / gisting	Dreifbýli
4	Ferðapj. Skeiðflöt / gisting	Dreifbýli
4	Ferðapj. Eystrí Sólheimum / gisting	Dreifbýli
4	Ferðapj. Görðum / gisting	Dreifbýli
4	Ferðapj. Þakgili / gisting	Dreifbýli
4	Ferðapj. Völlum / gisting	Dreifbýli
4	Ferðapj. Götum / gisting	Dreifbýli
5	Sambýlið Kerlingadal	Dreifbýli

## Annað hvert ár dreifbýli

2	Svarta Fjaran / veitingar	Dreifbýli
2	Sólheimakapella	Dreifbýli
2	Skeiðflatarkirkja	Dreifbýli
2	Reyniskirkja	Dreifbýli
2	Eyrarland / félagsheimili	Dreifbýli
3	Ferðapj. Pétursey / gisting	Dreifbýli
3	Ferðapj. Norður Hvammi / gisting	Dreifbýli
3	Ferðapj. Garðakoti / gisting	Dreifbýli
3	Ferðapj. Reynishjáleigu / gisting	Dreifbýli
3	Ferðapj. Hvambóli / gisting	Dreifbýli
3	Ferðapj. Presthúsum / gisting	Dreifbýli
3	Brekkur 1 FarmApartment / gisting	Dreifbýli
3	Ferðapj. Skammadal / gisting	Dreifbýli

þéttbýli einu sinni á ári	11
þéttbýli annað hvert ár	39
Dreifbýli einu sinni á ári	17
Dreifbýli annað hvert ár	13
Alls skoðanir	80



Flokkur	Dæmi um notkun	Sofa	Þekkinga flóttaleiðir	Geta bjargað sér
1	Mannvirki þar sem fólk starfar, s.s. allt almennt atvinnuhúsnæði, iðnaðarhúsnæði, lager, skrifstofur, bankar, smærri verslanir (< 150 m <sup>2</sup> ), skólar sem ekki flokkast undir flokk 2, 4 eða 5*, tilheyrandi bilgeymslur starfsmanna og byggingar fyrir dýr**. Sameiginlegar bilgeymslur fjölbýlishúsa.	Nei	Já	Já
2	Mannvirki þar sem gert er ráð fyrir að fólk geti safnast saman, s.s. fyrirlestrasalir, kirkjur, kvikmyndahús, leikhús, veitingastaðir, diskótek, íþróttasalir, vöruhús, stærri verslanir og verslanamiðstöðvar, aðstaða fyrir dans, nám og frístundastarf og bilgeymslur aðrar en í notkunarflokki 1 eða 3.	Nei	Nei	Já
3	Mannvirki þar sem fólk býr, s.s. einbýlishús og fjölbýlishús***, frístundahús og einstök gistiherbergi, þ.m.t. heimgisting.	Já	Já	Já
4	Mannvirki þar sem gisting er boðin, s.s. hótél og aðrir gististaðir, frístundahús til útleigu og skólar til útleigu og húsnæði þar sem boðin er tilfallandi gisting, þ.m.t. í skólum.	Já	Nei	Já
5	Mannvirki sem hýsir meðferðar- og legudeildir sjúkrahúsa, vöggustofur, íbúðir og stofnanir fyrir aldraða eða fatlaða, leikskólar og yngstu deildir grunnskóla (1. til 4. bekkur).	Já	Nei	Nei
6	Mannvirki sem hýsa fangelsi, lokaðar deildir á sjúkrahúsum, s.s. geðdeildir, og aðrir staðir þar sem menn eru lokaðir inni.	Já	Nei	Nei

\* Almennir skólar og frístundaheimili falla undir notkunarflokk 1.  
\*\* Flokkunin miðast við starfsmenn í þessum húsum.  
\*\*\* Stakar bilgeymslur, þ.e. fyrir einn notanda, teljast hluti einbýlis- og fjölbýlishúsa.

**Eldvarnarefirlit.**

19. gr.

*Skoðunarskylda.*

Eldvarnarefirlit skal haft með mannvirkjum, lóðum og starfsemi þar sem eldhætta getur skapast og ógnað lífi, heilsu, umhverfi og eignum.

Eftirfarandi mannvirki, lóðir eða starfsemi eru skoðunarskyld af hálfu eldvarnarefirlits slökkviliðs eða eftir atvikum háð eigin eftirliti eiganda, sbr. 26. gr.:

- þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast og/eða þar sem hætta er á stórfelldu manntjóni í eldsvoða,
- þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta, þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða eða þar sem eldsvoði getur haft alvarlegar samfélagslegar afleiðingar,
- allar byggingar í notkunarflokki 4, 5 og 6 skv. ákvæðum byggingarreglugerðar,
- mikilvægar menningarsögulegar byggingar og mannvirki,
- annað atvinnuhúsnæði og opinberar byggingar sem slökkviliðsstjóri telur nauðsynlegt að sæti reglubundnu eldvarnarefirliti.

Eldvarnarefirlit skv. 2. mgr. skal framkvæmt með eftirfarandi tíðni:

- Mannvirki sem falla undir a-, b- og c-lið 2. mgr.: að lágmarki einu sinni á ári.
- Mannvirki sem falla undir d- og e-lið 2. mgr.: skoðun að lágmarki fjórða hvert ár.

Slökkviliðsstjóri getur ákveðið að í stað árlegrar eftirlitsskoðunar á mannvirkjum sem falla undir a-lið 2. mgr. sé framkvæmt átaksverkefni þar sem slökkviliðði skoðar eingöngu einn eða fleiri fyrirframákveðna þætti brunavarna fyrir sambærileg mannvirki.

Slökkviliðsstjóri metur og heldur skrá um hvaða mannvirki, lóðir og starfsemi á hans starfssvæði falla undir skoðunarskyldu þessarar greinar. Við það mat skal slökkviliðsstjóri m.a. byggja á leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar. Skráin skal birt í brunavarnaáætlun og uppfærð a.m.k. einu sinni á ári á vefsíðu viðkomandi slökkviliðs eða sveitarfélags.

## Fylgiskjal 3. æfingar

Æfingaáætlun fyrir Slökkvilið Mýrdalshrepps.

Æfingar eru tvisvar sinnum í mánuði.

Á æfingum er farið yfir:

- Slöngulagnir
- Dælingar
- Reykköfun
- Reyklosun
- Vatnsöflun
- Klippuvinna
- Mengunarslys
- Bílabrunar
- Húsbrunar
- Brunar í atvinnuhúsnæði
- Slökkvistarf á víðavangi (gróðureldar)
- Fjarskipti
- Stigar
- Öryggismál
- Stjórnun
- Vettvangsskoðanir

Samkvæmt lögum er lámarks æfingatími 20 tímar á ári og auk þess bætast 25 tímar á ári við hjá þeim sem sinna reykköfun.





Æfingar slökkviliðsmanna eru allar skráðar til að hafa góða yfirsýn yfir menntunarmál þeirra.

Æfingaáætlun vor 2018:

9 janúar <b>A-hópur</b>	<b>Talstöðvasamskipti ( Tetra og VHF)</b> Atriði sem eru æfð <ul style="list-style-type: none"> <li>Fara yfir verklag við samskipti</li> <li>Æfa samskipti milli manna – maður á mann</li> <li>Samskipti á vettvangi – við verklegar æfingar</li> <li>Samskipti við neyðarlínu 112</li> </ul>
10 janúar <b>Nýliðar</b>	<b>Verklegt / fjarskipti</b> Atriði sem eru æfð <ul style="list-style-type: none"> <li>Fara yfir verklag við samskipti</li> <li>Æfa samskipti milli manna – maður á mann</li> <li>Samskipti á vettvangi – við verklegar æfingar</li> <li>Samskipti við neyðarlínu 112</li> </ul>
16 janúar <b>Reykkafarar</b>	<b>Prekpróf</b> fyrir þá sem vilja vera með reykköfunarréttindi. Í framhaldi þurfa þeir sem standast prófið að fara í læknisskoðun.
6 febrúar <b>A-hópur</b>	<b>Björgunarbúnaður / klippur</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Þekkja forgangs röðun slasaðra</li> <li>Geta tryggt öryggi á vettvangi</li> <li>Geta skorðað bílinn, losað fólk og komið slösuðum á börur</li> <li>Þekkja öryggisreglur við notkun björgunartækja</li> <li>Geta notað ýmsar gerðir björgunartækja, sagir, klippur, glennur, tjakka og lyftipúða</li> <li>Þekkja notkunareiginleika og notagildi eigin búnaðar</li> <li>Geta beitt björgunartækjum til að losa fólk úr festu</li> <li>Þekkja til þeirrar hættu sem fylgir vinnu við losun fólks úr bílflökum eða annarri festu</li> </ul> <p>Getum óskað eftir prófi í hluta 3 klippur 1 mars</p>
Febrúar <b>Nýliðar</b>	Bóklegt hjá erlendum nýliðum slökkvistöð (enska)
14 Febrúar <b>Nýliðar</b>	<b>Verklegt / Vatnsöflun</b> <p>1.1 Dælubíll Ná upp þrýsing á dælu og setja upp 4 áráslagnir</p> <p>1.2 Laus dæla Ná upp þrýsing og leggja út lagnir</p> <p>1.3 sjá mun á mismunandi lögnum</p> <p>1.4 Vatnsmagn - mikilvægi fæðulagna</p>
20 febrúar <b>Reykkafarar</b>	<b>Reykköfun / hitamyndavél</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Geta metið aðstæður og ákveðið hvernig aðgerðir eru framkvæmdar út frá mismunandi aðstæðum</li> <li>Vita hverskonar skipanir stjórnandi notar</li> <li>Geta framkvæmt leit og björgun</li> <li>Nota hitamyndavél við leit (sex punkta leit)</li> </ul>
23-25 febrúar <b>Brunamálaskólinn</b>	<b>Námskeið 1 hjá brunamálaskólanum Kirkjubæjarklaustri</b> Þeir nýliðar sem vilja geta hugsanlega tekið þátt í þessu námskeiði og sleppa þá við það að taka bóklega hlutan
6 mars <b>A-hópur</b>	<b>Slökkvitæki / reyklosun / froða</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Kunna muninn á slökkvitækjum</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Setja upp reykblásara og reyklosa</li> <li>• Koma upp froðu frá slökkvibíl</li> </ul>
Mars <b>Nýliðar</b>	Bóklegt hjá erlendum nýliðum slökkvistöð (enska)
14 mars <b>Nýliðar</b>	<b>Verklegt / köld reykköfun</b> 2.1 fara eftir þrautabraut 2.2 Þrautabraut finna sjúkling og koma honum út
20 mars <b>Reykkafarar</b>	<b>Reykköfun / þrautabraut</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Æfa fjarskipi</li> <li>• Æfa stjórnborð og stjórnanda</li> <li>• Fara eftir þrautabraut</li> </ul>
3 apríl <b>A-hópur</b>	<b>Vatnsöflun / dælubíll / lausar dælur</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Koma út 8 vinnulögun</li> <li>• Finna vatn fyrir 8 vinnulangir og mónitor</li> <li>• Dæla vatni að dælubíl</li> <li>• Fara yfir dælugetu</li> </ul>
Apríl <b>Nýliðar</b>	Bóklegt hjá erlendum nýliðum slökkvistöð (enska)
6-8 apríl <b>Brunamálaskólinn</b>	<b>Nám fyrir stjórnendur slökkviliða</b> (vantar staðsetningu) Þetta námskeið er fyrir þá sem vilja vera stjórnendur í slökkviliðum.
17 apríl <b>Nýliðar</b>	<b>Verklegt nýliðar / slökkvitækni / reyklosun</b> 4.1 Handslökkvitæki 6.2 Froða 3 Reyklosun
17 apríl <b>Reykkafarar</b>	<b>Reykköfun / Búnaður</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Þekkja persónuhlífar reykafara</li> <li>• Þekkja hvaða þætti þarf að fara yfir áður en farið er í reykköfun</li> <li>• Klæða sig rétt og líða vel með reykköfunartæki á sér</li> </ul>
8 maí <b>A-hópur</b>	<b>Stigar / handverkfæri / innbrotatækni</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geta reist og notað stiga</li> <li>• Þekkja öryggisreglur við notkun stiga</li> <li>• Geta á öruggan hátt beitt vélsög og sinnt viðhaldi</li> <li>• Þekkja öryggisreglur við notkun handverkfæra</li> <li>• Vita á hvað má beita söginni</li> </ul>
Maí <b>Nýliðar</b>	Bóklegt hjá erlendum nýliðum slökkvistöð (enska)
16 maí <b>Nýliðar</b>	<b>Verklegt nýliðar / reykköfun</b> 5.1 Köld reykköfun margir týndir (slökkvistöð) 5.2 Köld reykköfun erfiðar aðstæður hitamyndavél
22 maí <b>Reykkafarar</b>	<b>Reykköfun / félagabjörgun / neyðaráætlun</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Bjarga öðrum reykköfum</li> <li>• Æfa neyðaráætlun reykafara</li> </ul>
1-3 júní	<b>Þjálfunarstjóranámskeið Selfossi</b>



Myrdalshreppur

<b>Brunamálaskólinn</b>	Þetta námskeið er fyrir þá sem vilja vera æfingastjórar hjá slökkviliðum.
Júní <b>Reykkafarar</b>	<b>Reykköfun / yfirtendrun</b> Farið á Selfoss eða keflavík til að fara í heita reykköfun
Júní <b>Nýliðar</b>	Bóklegt hjá erlendum nýliðum slökkvistöð (enska)
Júní <b>Nýliðar</b>	<b>Verklegt / Skyndihjálp</b> Almenn skyndihjálp Endurlifgun

## Fylgiskjal 4 staða menntunar

Staða menntunar slökkviliðsmanna 1.janúar 2018.

## A hópur

Nýja námið

Nafn	Stjórnendanám	Sjúkraflutningar	Nýja námið							Reykkafari
			SLM-1 bókl. vatnsöflun	SLM-1 verki Vatnsöflun	SLM-2 bókl. Reykköfun	SLM-2 verki reykköfun	SLM-3 bókl. Klippur	SLM-4 bókl. eiturefni		
1 <a href="#">Aron Jens Sturluson</a>	0	0	2015	2015	2015	2015	2016	0	2015	
2 <a href="#">Ágúst F. Bjartmarsson</a>	2008 2015	0	2014	2015	2014	0	0	0	0	
3 <a href="#">Bjarki Már Gunnarsson</a>	2015	EMTB	2014	2015	2014	2015	2016	0	2015	
4 <a href="#">Drífa Bjarnadóttir</a>	0		2015	2016	2015	2016	2016	0	2016	
5 <a href="#">Grímur Örn Ágústson</a>	0	0	2015	2015	2015	2015	2016	0	2015	
6 <a href="#">Ivar Guðnason</a>	0	EMTB	2011	2015	2011	2015	2016	0	2015	
7 <a href="#">Ívar Páll Bjartmarsson</a>	2008 2015	0	2014	2015	2014	2015	2016	0	2015	
8 <a href="#">Jakub Kaźmierczyk</a>	0	0	2015	2016	2015	2016	0	0	2016	
9 <a href="#">Magnús Orri Sveinsson</a>	0	0	2015	2016	2015	0	2016	0	0	
10 <a href="#">Óðinn Gíslason</a>	0	0	2011	2015	2011	2015	2016	0	2015	
11 <a href="#">Patrycja Pati Makowska</a>	0	0	2015	2016	2015	0	0	0	0	
12 <a href="#">Páll Tómasson</a>	0	0	2014	2015	2014	2015	0	0	2015	
13 <a href="#">Pálmi Kristjánsson</a>	0	EMTB	2011	2015	2011	2015	2016	0	2015	
14 <a href="#">Sigurður Elías Guðmundsson</a>	0	EMTB	2014	0	2014	0	0	0	0	
15 <a href="#">Sigurður G. Bjartmarsson</a>	2015	EMTB	2014	2015	2014	2015	2016	0	2015	
16 <a href="#">Vigfús Þ Hróbjartsson</a>	2015	0	2014	2015	2014	2015	2016	0	2015	
17 <a href="#">Þorsteinn Brandsson</a>	0	0	2014	2015	2014	2015	2016	0	2015	

Tekið í gamla náminu

## B- Hópur

Gamla Námið

Nafn	Gamla Námið					Stjórnendanám	Sjúkraflutningar
	slm. 1	slm2-1	slm 2-2	slm 3	slm 4		
1 <a href="#">Birgir örn Sigurðsson</a>	0	0	0	0	0	0	0
2 <a href="#">Finnur Bárðarsson</a>	0	0	0	2008	0	0	0
4 <a href="#">Jóhann Vignir Hróbjartsson</a>	2007	0	0	2008	0	0	0
5 <a href="#">Kjartan Stefánsson</a>	0	2001	2001	2003	2006	0	0
5 <a href="#">Gísli Guðbergsson</a>	0	0	0	0	0	0	0
6 <a href="#">Ólafur Steinar Björnsson</a>	0	0	0	2003	2006	0	0
7 <a href="#">Ólafur Ögmundsson</a>	2007	0	0	0	0	0	EMTB
8 <a href="#">Smári Tómasson</a>	1998	1998	1998	1998	2006	0	0
9 <a href="#">Stefán Kjartansson</a>	2007	0	0	2008	0	0	0
10 <a href="#">Þráinn Ársælsson</a>	0	0	0	0	0	0	0



# Fylgiskjal 5 slökkviáætlanir

## Dæmi um slökkviáætlun.

Gerðar hafa verið slökkviáætlanir fyrir allar stærri brunahættur innan sveitarfélagsins.

### Hjúkrunar og dvalarheimilið Hjallatún

Viðv. kerfi			Vakt á staðnum			Sprinkler			Stigrör			Lyfta			Reyklosun			Upplýsingar			Merkt hús		
já	x	nei	já	x	nei	já	nei	x	já	nei	x	já	nei	x	já	nei	x	já	nei	x	já	nei	x
<div style="display: flex;"> <div style="width: 25%; padding-right: 10px;"> <p>1 Kapella 2 íbúðir vistmanna 3 Eldhús uppi 4 Matsalur 5 Þvottahús neðri hæð 6 Herbergi vistmanna</p> </div> <div style="width: 75%;"> </div> </div>																							
Aðkoma slökkviliðs						Innganga slökkviliðs						Aðrir inngangar						Hafa samband við:					
Stjórn						Sprinkler						stigrör						Hættuleg					
Viðvörðun						inntak						úttak						efni					
Brunahani						Brunahani						Möguleg						Möguleg					
1 20 m						2 m						akstursleið						Vatnstaka					
staðsetning						Fjöldi hæða						Reyklosun						Reyk					
Þunga						2						V-H-B						tjalð					
Takmörkun						Hæð í M						kjallari fm.						Dags.					
						3												14.12.2016					
																		Höfundur					
																		Ívar Páll					

#### Mannvirki:

Eldra húsið er steinsteypt en nýrra húsið er timburhús klætt með steniklæðningu. Byggingin er byggð á árunum 1976/83/88 og er um 783,2 ferm að stærð. Í því húsi er meðal annars eldhús og matsalur. Húsin tengjast með stiga. Húsið er brunahólf að milli hæða

Það eru góðar útgönguleiðir úr öllum herbergjum á neðri hæðinni, góðar útgönguleiðir eru úr matsal og flóttaleiðir í tvær áttir úr herbergjum í nýrri byggingunni. Hægt er að ná fólki út úr glugga á herbergjum í nýja húsinu ef þarf. Reiknuð vatnspörf er 2000 l/mín

#### Aðkoma:

Að koma að húsinu er eftir Hátúni. Einnig er hægt að leggja slökkvibílum á milli heilslugæslu og hjúkrunarheimilis.

#### Inngangar:

- 1 Handavinnuherbergi
- 2 Herbergi vistmanna
- 3 Eldhús
- 4 Matsalur
- 5 Þvottahús


#### Viðvörðunarkerfi:

Brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu en það er ekki tengt við neina vaktstöð. Það er næturvörður í húsinu.

#### Aðgerðir:

Leggja á brunahana sem er norðan við húsið, þessi brunahani er á 4" Lögn en með 2 bara þrýstingi, það má soga kerfið til að fá það vatn sem vantar, Einnig er hægt að leggja lagnir niður í Víkurá til að fá meira vatn.

#### Vatnæflun:



## Fylgiskjal 6 samningur við slökkvilið Skaftárhrepps

### Samningur um gagnkvæma aðstoð slökkviliða

Samningur þessi er á milli Slökkviliðs Mýrdalshrepps og Slökkviliðs Skaftárhrepps.

Markmið samningsins er að nýta þau tæki og þann mannafla sem slökkviliðin hafa yfir að ráða með gagnkvæmri aðstoð við slökkvistörf ef um meiriháttar eldsvoða eða dreifibruna er að ræða. Aðilar samnings þessa eru sammála um að veita aðstoð í samræmi við samkomulag sem hér fer eftir.

#### 1 gr.

Telji yfirmaður slökkviliðs sem er aðili að samningi þessum rétt að óska eftir aðstoð er það honum heimilt. Skal þá vakthafandi yfirmaður þess slökkviliðs sem leitað er til gera eftirfarandi ráðstafanir

- a) Leggja mat á það hvort lið hans sé aflögufært um tæki og mannafla til að verða við beiðninni.
- b) Ákveða hvaða tæki og mannafla væri árangursríkast að senda
- c) Sendir tæki og mannafla þegar í stað með skýrum fyrirmælum samkvæmt fyrirfram gerðum áætlunum og reglum um framkvæmd aðstoðar sem slökkviliðsstjórar viðkomandi slökkviliða hafa gert sín á milli

#### 2 gr.

Slökkviliði er ekki skylt að veita aðstoð samkvæmt ákvæðum þessa samnings ef mat skv a) lið 1 greinar leyfir það ekki. Tilkynna skal slíkt þegar í stað yfirmanni slökkviliðs sem aðstoðar óskaði.

#### 3 gr.

Hvor aðili samnings þessa afsalar sér rétti til bóta af hinum aðila samningsins vegna tjóns sem verður við framkvæmd hans, s.s. eignatjóns, slysa á mönnum eða andláts. Öll aðstoð sem látin er í té samkvæmt samningi þessum skal vera án endurgjalds af hálfu aðila.

#### 4.gr.

Stjórnandi þess slökkviliðs sem óskar eftir aðstoð skal stjórna öllum aðgerðum á vettvangi og bera fulla ábyrgð á þeim (sbr. Þó 3gr.). Skal honum heimilt að fela yfirmanni slökkviliðs sem aðstoð veitir, stjórn á ákveðnum aðgerðum með hans samþykki.

#### 5.gr.

Yfirmenn og slökkviliðsmenn í slökkviliðum samstarfsaðila eru hvattir til að kynna sér starfsemi og aðstæður hvors samningsaðilam.a. með tilliti til öryggisreglna og eldvarna. Samningsaðilar hvetja til, eftir því sem æskilegt getur talist að haldnar séu sameiginlegar æfingar.

#### 6.gr.

Slökkvistjórar samningsaðila skulu í sameiningu vinna að gerð nákvæmnar áætlunar og samstarfsreglna sem nauðsynlegar eru til að framkvæma þennan samning. Áætlanir og samstarfsreglur taka gildi jafnskjótt og þær hafa verið undirritaðar.



**7.gr.**

Samingur þessi tekur gildi er hann hlýtur staðfestingar sveitarstjórna samingsaðila. Samingurinn gildir að fullu þar til samningsaðilar komast að samkomulagi að fella hann úr gildi. Einnig geta samingsaðilar sagt samingnum upp með 90 daga fyrirvara

Vík í Mýrdal 29.11.2017



Ívar Páll Bjartmarsson slökkviliðsstjóri



Kirkjubæjarklaustur 30.11.2017



Bjarki Guðnason slökkviliðsstjóri



## Fylgiskjal 7 samningur við brunavarnir Rangárvallasýslu

### Samningur um gagnkvæma aðstoð slökkviliða

Samningur þessi er á milli Slökkviliðs Brunavarna Rangárvallasýslu og Slökkviliðs Mýrdalshrepps.

Markmið samningsins er að nýta þau tæki og þann mannafla sem slökkviliðin hafa yfir að ráða með gagnkvæmri aðstoð við slökkvistörf ef um meiriháttar eldsvoða eða dreifibruna er að ræða. Aðilar samnings þessa eru sammála um að veita aðstoð í samræmi við samkomulag sem hér fer eftir.

#### 1 gr.

Telji yfirmaður slökkviliðs sem er aðili að samningi þessum rétt að óska eftir aðstoð er það honum heimilt. Skal þá vakthafandi yfirmaður þess slökkviliðs sem leitað er til gera eftirfarandi ráðstafanir

- a) Leggja mat á það hvort lið hans sé aflögufært um tæki og mannafla til að verða við beiðninni.
- b) Ákveða hvaða tæki og mannafla væri árangursríkast að senda
- c) Sendir tæki og mannafla þegar í stað með skýrum fyrirmælum samkvæmt fyrirfram gerðum áætlunum og reglum um framkvæmd aðstoðar sem slökkviliðsstjórar viðkomandi slökkviliða hafa gert sín á milli

#### 2 gr.

Slökkviliði er ekki skylt að veita aðstoð samkvæmt ákvæðum þessa samnings ef mat skv a) lið 1 greinar leyfir það ekki. Tilkynna skal slíkt þegar í stað yfirmanni slökkviliðs sem aðstoðar óskaði.

#### 3 gr.

Hvor aðili samnings þessa afsalar sér rétti til bóta af hinum aðila samningsins vegna tjóns sem verður við framkvæmd hans, s.s. eignatjóns, slysa á mönnum eða andláts. Öll aðstoð sem látin er í té samkvæmt samningi þessum skal vera án endurgjalds af hálfu aðila.

#### 4.gr.

Stjórnandi þess slökkviliðs sem óskar eftir aðstoð skal stjórna öllum aðgerðum á vettvangi og bera fulla ábyrgð á þeim (sbr. Þó 3gr.). Skal honum heimilt að fela yfirmanni slökkviliðs sem aðstoð veitir, stjórn á ákveðnum aðgerðum með hans samþykki.

#### 5.gr.

Yfirmenn og slökkviliðsmenn í slökkviliðum samstarfsaðila eru hvattir til að kynna sér starfsemi og aðstæður hvors samningsaðilam.a. með tilliti til öryggisreglna og eldvarna. Samningsaðilar hvetja til, eftir því sem æskilegt getur talist að haldnar séu sameiginlegar æfingar.

#### 6.gr.

Slökkvistjórar samningsaðila skulu í sameiningu vinna að gerð nákvæmna áætlunar og samstarfsreglna sem nauðsynlegar eru til að framkvæma þennan samning. Áætlanir og samstarfsreglur taka gildi jafnskjótt og þær hafa verið undirritaðar.



7.gr.

Samingur þessi tekur gildi er hann hlýtur staðfestingar sveitarstjórna samingsaðila. Samingurinn gildir að fullu þar til samingsaðilar komast að samkomulagi að fella hann úr gildi. Einnig geta samingsaðilar sagt samingnum upp með 90 daga fyrirvara


Vík í Mýrdal 18.05.2018



Þvar Páll Bjartmarsson slökkviliðsstjóri



Hella 18.05.2018



Leifur Bjarki Björnsson slökkviliðsstjóri

**Fylgiskjal 8** samningur við Slökkvilið Höfuðborgarsvæðið

**Samningur Mýrdalshrepps og  
Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um  
aðstoð vegna mengunaróhappa**

**Maí 2018**



### 1.0. Almenn

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (hér eftir nefnt SHS) og Slökkvilið Mýrdalshrepps (hér eftir nefnt SM) gera með sér svohlóðandi samning um aðstoð SHS við SM vegna mengunaróhappa á starfssvæði SM.

### 2.0. Ábyrgð og stjórnun

SM fer með stjórnun aðgerða á vettvangi mengunaróhapps á þjónustusvæði SM. Útkallseingar SHS eru SM til aðstoðar og starfa undir þeirra Stjórn. Slökkviliðsstjóri SM ber ábyrgð á að tilkynna viðkomandi heilbrigðisefirliti um atburðinn samkvæmt 16. gr laga númer 75/2000

Komi til aðgerða sem fela í sér kostnað vegna þeirra fer SM með ákvörðunarvald og ber eitt ábyrgð á greiðslu alls þess kostnaðar sem af útkalli kann að verða.

### 3.0. Kostnaður

SM ber ábyrgð á öllum kostnaði sem kann að falla til vegna aðstoðar SHS samkvæmt samningi þessum í samræmi við 20. gr. laga nr. 75/2000

### 4.0. Aðbúnaður vettvangseiningar SHS

SM tryggir fæði og hvíldaraðstöðu (gistingu) fyrir starfsmenn SHS þegar vinna vegna mengunaróhapps dregst á langinn. Þá skal starfsmönnum SHS tryggð aðstoða til baða t.d. með aðgangi að sundlaug.

Samningur þessi er gerður í samræmi við og með heimild í 14. gr. laga nr. 75/2000

### 5.0. Samningstími


Samningur þessi tekur gildi 19. maí 2018 og er ótímabundinn. Samningsaðilar geta sagt samningnum upp með 12 mánaða fyrirvara, en uppsögn skal miða við mánaðarmót. Uppsögn skal tilkynna sannanlega. Uppsögn send í ábyrgðarpósti telst fullnægjandi í því sambandi.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila. Rísi ágreiningur vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samning þennan skal tilkynna til Mannvirkjastofnunar samkvæmt 14. gr. laga nr. 75/2000

Vík í Mýrdal 18.05.2018

F.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

  
Jón Viðar Matthíasson,  
slökkviliðsstjóri.

F.h. Slökkvilið Mýrdalshrepps

  
Ívar Páll Bjartmarsson,  
slökkviliðsstjóri.

## Fylgiskjal 9 samningur við Björgunarsveitina Víkverja



Slökkviliðið Vík  
Austurvegi 17, 870 Vík • kt. 461283-0399  
Sími: 891-9968 • Netfang: [slökkvilið@vik.is](mailto:slökkvilið@vik.is)

### Samstarfssamningarsamningur.

Milli Björgunarsveitarinnar Víkverja og Slökkviliðsins Vík um aðstoð við slökkviliðið.

**1. Samningsaðilar.**

Slökkviliðsstjóri, fyrir hönd slökkviliðsins í Vík annars vegar og hinsvegar Björgunarsveitinni Víkverja gera með sér svofelldan samning.

**2. Hlutverk Björgunarsveitarinnar í slökkvistarfi:**

Að sinna slökkvistarfi utanhúss með því til dæmis að sjá um aðstoð við vatnsöflun, fylgjast með dælum sjá um lokanir, verðmætabjörgun, rýmingu húsa, aðstoð við notkun stiga, útvegum aðfanga eða önnur þau verkefni sem til falla.

**3. Æfingar.**

Til að tryggja sem best úrlausn verkefna, skulu haldnar að minnsta kosti tvær æfingar á ári þar sem farið er yfir slökkvistarfi utanhúss eins og það er skilgreint í Brunamálaskólanum. Æfingarnar skulu vera í fyrirlestraformi og verklegar og standa minnst 4 tíma.

**4. Klæðnaður og aðrar hlífar.**

Björgunarmenn sem koma til æfinga eða aðstoðar slökkviliði skulu klæðast einkenskylklæðnaði björgunarsveitarinnar sem hentar aðstæðum hverju sinni og hafa hjálma og hanska

**5. Þóknun:**

Þóknun fyrir æfingu skal að lágmarki vera 50.000 kr. og miðast við að ekki mæti færri en 10 menn. Greitt skal sérstaklega fyrir útköll að lágmarki 4.500 á mann á vinnustund.

Vík í Mýrdal 19.05 2018

F.h Slökkviliðsins Vík.

  
Ívar Páll Bjartmársson Slökkviliðsstjóri

F.h Björgunarsveitarinnar Víkverja

  
Orri Örvarsson formaður



# AUSTURVEGUR 20 VÍK Í MÝRDAL BRUNAHÖNNUN



Verkkaupi: Víkurprjón  
Dagsetning: 15-12-2016

UPPLÝSINGABLAÐ SKÝRSLU						
SKÝRSLAN						
<b>Títil skýrslu</b> Austurvegur 20, Vík í Mýrdal			<b>Tegund skýrslu</b> Brunahönnun			
<b>Verkefnisstjóri VSI</b> Anna Málfríður Jónsdóttir, Verkfræðingur			<b>Númer verks</b> 5963			
<b>Höfundur skýrslu</b> Anna Málfríður Jónsdóttir, Verkfræðingur			<b>Númer skýrslu</b> bh02		<b>Fjöldi síðna</b> 20 + viðaukar	
<b>Staðsetning skýrslu</b> <a href="#">5963 Vikurprjón.nbh02.doc</a>						
VERKKAUPI						
<b>Verkkaupi / heimilisfang</b> Vikurprjón Austurvegi 20 870 Vík			<b>Tengiliður / netfang</b> Eiríkur V. Pálsson <a href="mailto:eirikur@proark.is">eirikur@proark.is</a>			
AÐRIR RÁÐGJAFAR						
ÚTGÁFUSAGA						
Nr.	Höfundur		Rýnt		Samþykkt	
	Nafn	Dags.	Nafn	Dags.	Nafn	Dags.
bh01	Anna M. Jónsdóttir	15-12-2016				
	Brunahönnun					
bh02	Anna M. Jónsdóttir	14-03-2018				
	Uppfærð brunahönnun					
bh03						
Bh04						





## Efnisyfirlit

1	Meginforsendur .....	5
1.1	Bygging, starfsemi og notkunarflokkun .....	5
1.2	Hönnunarforsendur .....	5
1.3	Ábyrgð hönnuða .....	5
2	Niðurstöður brunavarna (færst inn á aðaluppdrátt).....	6
3	Öryggisbúnaður vegna brunavarna .....	9
3.1	Brunaviðvörðunarkerfi.....	9
3.2	Vatnsúðakerfi.....	9
3.3	Handslökkvitæki .....	10
3.4	Slöngukefli .....	10
3.5	Neyðarlýsing .....	10
4	Rýming við eldsvoða.....	11
4.1	Flóttaleiðir .....	11
4.2	Fólksfjöldi og afköst flóttaleiða .....	11
4.3	Dyr í flóttaleið .....	11
4.3.1	Opnunarbúnaður .....	12
4.3.2	Brunahólfandi flóttahurðir .....	12
4.4	Leiðarmerkingar á flóttaleiðum .....	12
5	Varnir gegn útbreiðslu elds/reyks innan byggingar .....	13
5.1	Veggir, loft og fastar innréttingar .....	13
5.2	Röraeinangrun .....	13
5.3	Brunahólfun .....	14
5.3.1	Meginbrunahólf .....	14
5.3.2	Brunahólf .....	14
5.3.3	Frágangur á brunahólfum og reyk hólfum .....	14
5.4	Loftræsikerfi.....	15
5.5	Vörn gegn útbreiðslu elds frá lægra liggjandi þaki .....	15
5.6	Gluggar í útveggjum .....	15
6	Varnir gegn útbreiðslu elds milli bygginga.....	16
6.1	Yfirborðsfletir byggingar .....	16
6.2	Bil milli bygginga .....	16
7	Aðstaða og búnaður vegna aðkomu slökkviliðs .....	16
7.1	Aðkoma slökkviliðs .....	16
7.2	Reyklosun .....	16

Lota ehf.  
Brunahönnun  
Austurvegur 20 - Víkurþrjón

Dagsetning: 14-03-2018  
Skýrslunr. 5963 bh02  
Blaðsíða: 4 af 20

7.3	Merkingar.....	16
7.4	Viðbragðstími .....	17
7.5	Slökkvivatn .....	17
8	Burðarvirki við bruna.....	18
8.1	Almennar kröfur.....	18
8.2	Brunaálag .....	18
9	Eigið eftirlit brunavarna .....	18
9.1	Rýmingaráætlun.....	18
10	Heimildir .....	19

**Viðauki 1:** Vatnspörf fyrir slökkviliðið



## 1 Meginforsendur

### 1.1 Bygging, starfsemi og notkunarflokkun

Byggingin er annars vegar núverandi bygging sem inniheldur verslun og saumastofu og hins vegar viðbygging/nýbygging sem inniheldur stækkun á verslun, veitingastað og verslunarkjarna með nokkrum verslunarrýmum.

Byggingin er að mestu á einni hæð nema að í núverandi byggingu er milliloft fyrir miðju hússins, alls u.þ.b. 196 m<sup>2</sup>.

Saumastofan og tengd rými teljast vera í notkunarflokki 1 skv. byggingarreglugerð en verslunarrými og veitingasalur eru í notkunarflokki 2.

Grunnflötur hússins verður u.þ.b. 3 536 m<sup>2</sup>.

Brunahönnun þessi tekur til alls hússins en ekki er farið í neinar meiri háttar endurbætur á eldra húsnæðinu. Þetta þýðir m.a. að ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir vegna millilofs þó leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar um notkun samlokueininga með brennanlegri einangrun leiði ekki notkun þeirra nema í einnar hæðar byggingum.

Tafla 1. Yfirlit yfir stærðir hæða og flokkun byggingar.

Hæð	Stærð m <sup>2</sup> (brúttó)	Notkunarflokkur
Saumastofa og fylgirými (eldra hús+viðbygging)	~ 578 m <sup>2</sup>	Notkunarfl. 1
Verslun í eldra húsi + milliloft	~ 512 m <sup>2</sup>	Notkunarfl. 2
Verslun og veitingar (nýtt hús)	~ 1 120 m <sup>2</sup>	Notkunarfl. 2
Verslunarkjarni (nýtt hús)	~ 1 188 m <sup>2</sup>	Notkunarfl. 2
<b>Samtals heild</b>	<b>~ 3 398 m<sup>2</sup></b>	

### 1.2 Hönnunarforsendur

Markmiðið með brunahönnun er, sbr. gr. 9.2.1 í byggingarreglugerð, að tryggja og sýna fram á að öryggi viðkomandi mannvirkja sé fullnægjandi og uppfyllt séu öll markmiðsákvæði 9. kafla byggingarreglugerðar.

Til að ákvarða brunavarnir byggingarinnar var valin sú leið að hanna á grundvelli brunahönnunar með því að nýta lausnir með almennum ákvæðum reglugerðar með frávikum sem uppfylla reglugerð og lausnir sem byggja á brunatæknilegum útreikningum.

Til grundvallar brunavörnum mannvirkisins er einkum gr. 9.3-9.10 auk almennra ákvæða byggingarreglugerðar.

### 1.3 Ábyrgð hönnuða

Lota ehf. ber ábyrgð á lýsingu brunavarna skv. þessari skýrslu.

Ábyrgð á deilihönnun er hjá öðrum hönnuðum byggingarinnar, þeim ber að kynna sér þessa skýrslu og fara eftir brunahönnuninni.

Lota ehf.  
Brunahönnun  
Austurvegur 20 - Víkurþrjón

Dagsetning: 14-03-2018  
Skýrslunr. 5963 bh02  
Blaðsíða: 6 af 20

## 2 Niðurstöður brunavarna (færist inn á aðalupprátt)

### Flokkun og notkun byggingar

Í núverandi húsi er saumastofa og verslun á tveimur hæðum. Í viðbyggingu verða saumastofa og verslun stækkuð og bætt við veitingasölu auk nokkurra verslunarrýma. Saumastofan og rými henni tengd teljast vera í notkunarflokki 1 en aðrir húshlutar (verslanir og veitingasalur) eru í notkunarflokki 2.

### Brunahólfun

Byggingin verður eitt meginbrunahólf en skiptist upp í nokkur brunahólf.  
Stærsta brunahólf er verslunarrými (ásamt eldra verslunarrými) og veitingasalur alls u.þ.b. 1658 m<sup>2</sup>.  
Þrjónastofa, ræsting og sokkasumur er eitt brunahólf með EI 60 veggjum og EI 30-CS hurðum.  
Lager verslunar er eitt brunahólf.  
Vörumóttaka er eitt brunahólf.  
Tæknirými er sér brunahólf.  
Sprinklerrými er sér brunahólf.  
Verslanir í verslunarkjarna eru hver sér reykhlólf.  
Gangur í verslunarkjarna er eitt reykhlólf ásamt salernum.

### Burðarvirki

Brunamótstaða burðarvirkis verður a.m.k. R 60  
Gert er ráð fyrir að brunamótstaða milligólfs í eldri hluta nái a.m.k. R 60.

### Veggir og Klæðningar

Allar utan- og innanhúsklæðningar verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G eða Dfl-s1 skv. ÍST EN 13501-1.  
Samlokueiningar, PUR-einingar, verða klæddar að innan með gífsi a.m.k. 1 m inn á veggi og loft sitt hvoru megin við brunahólfunarskil.  
Þar sem lægra þak kemur upp að hærri húshluta mun hærri veggur ná a.m.k. EI 60 brunamótstöðu fyrir ofan þakið. Þetta á við þök beggja megin við gang í verslunarkjarna.  
Þakklæðningar verða a.m.k. í flokki B<sub>(roof)</sub> (t2) skv. ÍST EN 13501-5.

### Flóttaleiðir og fólksfjöldi

Hvergi er lengra en 30 m í útgang eða annað brunahólf.  
Frá verslun í eldra húsnæði eru tvær óháðar flóttaleiðir, önnur beint út og hin út í gegnum gang í nýbygginu.  
Frá milligólfi eru tvær óháðar flóttaleiðir, annars vegar niður í verslun og þaðan út og hins vegar niður hringstíga og beint út.  
Frá saumastofu eru tvær óháðar flóttaleiðir, önnur beint út og hin út í gegnum verslun sem er annað brunahólf.  
Frá veitingasal og tengdu verslunarrými eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir beint út.  
Frá verslunarrými 0104 eru tvær óháðar flóttaleiðir, annars vegar beint út og hins vegar um sameiginlegt anddyri.  
Frá verslunarrými 0107 eru tvær óháðar flóttaleiðir, annars vegar beint út og hins vegar um sameiginlegt anddyri.  
Frá smærri verslunarrýmum er flóttaleið fram á gang þaðan sem eru tvær óháðar flóttaleiðir beint út.



Lota ehf.  
Brunahönnun  
Austurvegur 20 - Víkurþrjón

Dagsetning: 14-03-2018  
Skýrslunr. 5963 bh02  
Blaðsíða: 6 af 20

## 2 Niðurstöður brunavarna (færist inn á aðalupprátt)

### Flokkun og notkun byggingar

Í núverandi húsi er saumastofa og verslun á tveimur hæðum. Í viðbyggingu verða saumastofa og verslun stækkuð og bætt við veitingasölu auk nokkurra verslunarrýma. Saumastofan og rými henni tengd teljast vera í notkunarflokki 1 en aðrir húshlutar (verslanir og veitingasalur) eru í notkunarflokki 2.

### Brunahólfun

Byggingin verður eitt meginbrunahólf en skiptist upp í nokkur brunahólf.

Stærsta brunahólf er verslunarrými (ásamt eldra verslunarrými) og veitingasalur alls u.þ.b. 1658 m<sup>2</sup>.

Þrjónastofa, ræsting og sokkasumur er eitt brunahólf með EI 60 veggjum og EI 30-CS hurðum.

Lager verslunar er eitt brunahólf.

Vörumóttaka er eitt brunahólf.

Tæknirými er sér brunahólf.

Sprinklerrými er sér brunahólf.

Verslanir í verslunarkjarna eru hver sér reykhlólf.

Gangur í verslunarkjarna er eitt reykhlólf ásamt salernum.

### Burðarvirki

Brunamótstaða burðarvirkis verður a.m.k. R 60

Gert er ráð fyrir að brunamótstaða milligólfs í eldri hluta nái a.m.k. R 60.

### Veggir og Klæðningar

Allar utan- og innanhúsklæðningar verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G eða Dfl-s1 skv. ÍST EN 13501-1.

Samlokueiningar, PUR-einingar, verða klæddar að innan með gífsi a.m.k. 1 m inn á veggi og loft sitt hvoru megin við brunahólfunarskil.

Þar sem lægra þak kemur upp að hærri húshluta mun hærri veggur ná a.m.k. EI 60 brunamótstöðu fyrir ofan þakið. Þetta á við þök beggja megin við gang í verslunarkjarna.

Þakklæðningar verða a.m.k. í flokki B<sub>(roof)</sub> (t2) skv. ÍST EN 13501-5.

### Flóttaleiðir og fólksfjöldi

Hvergi er lengra en 30 m í útgang eða annað brunahólf.

Frá verslun í eldra húsnæði eru tvær óháðar flóttaleiðir, önnur beint út og hin út í gegnum gang í nýbygginu.

Frá milligólfi eru tvær óháðar flóttaleiðir, annars vegar niður í verslun og þaðan út og hins vegar niður hringstíga og beint út.

Frá saumastofu eru tvær óháðar flóttaleiðir, önnur beint út og hin út í gegnum verslun sem er annað brunahólf.

Frá veitingasal og tengdu verslunarrými eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir beint út.

Frá verslunarrými 0104 eru tvær óháðar flóttaleiðir, annars vegar beint út og hins vegar um sameiginlegt anddyri.

Frá verslunarrými 0107 eru tvær óháðar flóttaleiðir, annars vegar beint út og hins vegar um sameiginlegt anddyri.

Frá smærri verslunarrýmum er flóttaleið fram á gang þaðan sem eru tvær óháðar flóttaleiðir beint út.



Lota ehf.  
Brunahönnun  
Austurvegur 20 - Víkurþrjón

Dagsetning: 14-03-2018  
Skýrslunr. 5963 bh02  
Blaðsíða: 7 af 20

## Brunaviðvörðunarkerfi

Viðurkennt númerað brunaviðvörðunarkerfi verður í allri byggingunni skv. reglum Brunamálastofnunar. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð. Stjórnstöð ásamt yfirlitsmynd er við inngang Víkurþrjóns og veitingastaðar en útstöð við inngang verslunarhlutans.

## Slökkvikerfi

Sjálfvirkt vatnsúðakerfi verður í öllu húsinu skv. ÍST EN 12845 og ÍST EN 12259. Vatnsúðakerfið verður tengt stjórnstöð brunaviðvörðunarkerfis. Kerfið verður í áhættuflokki OH1 í veitingarými en OH3 í verslunum og saumastofu. Nota skal hraðopnandi úðahausa. Klefi með stjórnbúnaði fyrir vatnsúðakerfi verður í sér brunahólfi og aðgengilegur utanfrá. Slökkvikerfi verður sett í háf í veitingastað. Kerfið skal vera viðurkennt af Mannvirkjastofnun og skal vera hægt að virkja það handvirkt með hnappi við háfinn. Loftræsirör frá eldunarháfi skulu vera heilsoðin.

## Loftræsikerfi

Þannig skal gengið frá loftræsikerfum að þau rýri ekki brunahólfun byggingarinnar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna.

## Reyklosun

Reyklosun frá veitingastað verður um reyklúgur í þaki a.m.k. 1,0 m<sup>2</sup> eða a.m.k. 0,1% af gólfplatarmáli (þó aldrei minna en 1 m<sup>2</sup>).  
Reyklosun frá nýju verslunarrými Víkurþrjóns verður um fjórar reyklúgur í þaki hvor a.m.k. 1 m<sup>2</sup> eða a.m.k. 0,1% af gólfplatarmáli.  
Reyklosun frá stærri verslunum í verslunarhluta verður um tvær reyklúgur í þaki, a.m.k. 0,1% af gólfplatarmáli (þó aldrei minna en 1 m<sup>2</sup>).  
Reyklosun frá gangi í verslunarkjarna verður um þrjár reyklúgur í þaki, a.m.k. 0,1% af gólfplatarmáli (þó aldrei minna en 1 m<sup>2</sup>).  
Reyklúgur verður hægt að opna handvirkt með hnöppum staðsettum við stjórnstöð og útstöð brunaviðvörðunarkerfis eftir því sem við á.  
Önnur reyklosun verður um glugga og hurðir.

## Slöngukefli og slökkvitæki

Slöngukefli verða í öllu húsinu þannig að brunaslöngur nái út í öll horn. Slökkvitæki skulu m.a. staðsett við brunaslöngur en auk þess vera í kaffistofum starfsfólks, í eldhúsi veitingastaðar, í rýmum fyrir bökun og kjúklíngagrill í verslun, í tæknirýmum og annars staðar þar sem sérstök áhætta er. Hámarks fjarlægð í næsta slökkvitæki má hvergi vera meira en 25 m. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila. Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum auðsjanlegum skiltum.

## Út- og neyðarlýsing

Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð. Reikna skal með a.m.k. 1 lux á flóttaleiðum en 0,5 lux í stærri rýmum (>60 m<sup>2</sup>) svo sem í verslunum og veitingastað og á salernum fyrir fatlaða. Lýsing þarf að vera utanhúss við útidyr flóttaleiða.

## Aðkoma slökkvilið, slökkvivatn

Aðkoma slökkviliðs er frá Austurvegi bæði að norðurhlið og vesturgafli. Slökkvivatn hefur verið reiknað miðað við stærsta brunahólfið (verkstæði) út frá leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar um útreikninga á slökkvivatni fyrir byggingar. Miðað við það má reikna með að slökkvivatnsþörf sé u.þ.b. 2033 l/mín.



Lota ehf.  
Brunahönnun  
Austurvegur 20 - Víkurþjón

Dagsetning: 14-03-2018  
Skýrslunr. 5963 bh02  
Blaðsíða: 8 af 20

---

### Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa

Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (brunaviðvörðunarkerfi ásamt jaðarbúnaði, hurðaseglum, handvirkum slökkvibúnaði, út- og neyðarlýsingu).

### Eigin eftirlitskerfi með brunabörnum.

Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir húsnæðið.  
Hluti af eigin eftirlitskerfi er viðbragðsáætlun og rýmingaráætlun.



Lota ehf.  
Brunahönnun  
Austurvegur 20 - Víkurþrjón

Dagsetning: 14-03-2018  
Skýrslunr. 5963 bh02  
Bláðsíða: 9 af 20

### 3 Öryggisbúnaður vegna brunavarna

#### 3.1 Brunaviðvörðunarkerfi.

Viðurkennt númerað brunaviðvörðunarkerfi verður í allri byggingunni í samræmi við ÍST EN 54 [1] og reglur Mannvirkjastofnunar um sjálfvirk brunaviðvörðunarkerfi [2].

Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð. Stjórnstöð ásamt yfirlitsmynd er við inngang Víkurþrjóns og veitingastaðar en útstöð við inngang verslunarhlutans

##### Víðvörðun frá brunaviðvörðunarkerfinu

Brunaviðvörðun skal henta þeim sem nota bygginguna. Hljóðmerki skulu ávallt vera vel aðgreinanleg frá öðrum hljóðmerkjum og styrkur þeirra ákveðinn m.a. með hliðsjón af hávaða í byggingunni.

Jaðarbúnaður er:

- Hurðir á hurðaseglum.
- Blásarar loftræsikerfa.
- Bruna- og/eða reyklokur.

Tafla 2. Viðbrögð brunaviðvörðunarkerfis

Atvik í kerfi	Viðbrögð kerfisins
Við boð frá fyrsta skynjara	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Eldboð til viðurkenndrar vaktstöðvar.</li> <li>• Allar hurðir á hurðaseglum lokast.</li> </ul>
Við boð frá öðrum skynjara, boð frá handboða eða forviðvörðun hefur ekki verið afturkölluð innan þriggja mínútna.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Brunabjöllur hringja í öllu húsinu.</li> <li>• Loftræsikerfi stöðvast.</li> <li>• Bruna- og reyklokur í loftræsikerfum lokast.</li> </ul>

#### 3.2 Vatnsúðakerfi

Sjálfvirkt vatnsúðakerfi verður í öllu húsinu skv. ÍST EN 12845 og ÍST EN 12259.

Kerfið verður í áhættuflokki OH1 í veitingastað og í áhættuflokki OH3 í verslunum og saumastofu. Nota skal hraðopnandi úðahausa (RTI=50).

Vatnsúðakerfið verður tengt stjórnstöð brunaviðvörðunarkerfis.



Lota ehf.  
Brunahönnun  
Austurvegur 20 - Víkurþrjón

Dagsetning: 14-03-2018  
Skýrslunr. 5963 bh02  
Blaðsíða: 10 af 20

### 3.3 Handslökkvitæki

Slökkvitæki skulu staðsett við brunaslöngur en einnig við eða í öðrum eldhætturýmum svo sem eldhúsi veitingastaðar, í rýmum fyrir bökun og kjúklingagrill í verslun, kaffistofum og tæknirýmum. Slökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3-7 [3] og skulu valin með hliðsjón af þeirri gerð elds sem líklegt er að geti orðið í viðkomandi rými. Hámarks fjarlægð í næsta slökkvitæki skal hvergi vera meira en 25 m. Slökkvitæki skulu sett upp af viðurkenndum aðila og valin í samræmi við leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar [4].

Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt á áberandi hátt með til þess gerðum merkjum af hæfilegri stærð.

### 3.4 Slöngukefli

Slöngukefli verða sett upp í öllu húsinu þannig að brunaslöngur nái út í öll horn. Brunaslöngur skulu vera í samræmi við ÍST EN 671-1 [5]. Lágmarksvatnsrennsli skal vera 20 l/mín og kastlengd 9 m. Lagnir að slöngukeflum skulu gerðar þannig að nægjanlegt vatnsrennsli sé tryggt í minnst 15 mín.

### 3.5 Neyðarlýsing

Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð. Neyðarlýsing skal hönnuð í samræmi við ÍST EN 1838 [6], ÍST EN 50171 [7], ÍST EN 50172 [8], ÍST 150 [9] og ÍST EN 60598-2-22 [10].

Neyðarlýsingin skal vera nægjanleg til að gera rýmingu byggingar mögulega við straumrof.

Neyðarlýsingin skal lýsa í 60 mín eftir straumrof. Neyðarlýsingin skal ná 50% af ljósstyrknum á 0.5 sek og fullum styrk á 60 sek. Raflagnir í neyðarlýsingu bygginga skulu varðar fyrir eldi í 30 mín.

Setja skal neyðarlýsingu fyrir utan útihurðir í flóttaleið nema þar sem önnur lýsing gefur fullnægjandi birtu. Við tæknibúnað sem þarf að vinna við þegar straumrof verður skal vera fullnægjandi neyðarlýsing. Varastraumgjafar skulu vera vararafstöðvar, rafhlöður eða annar jafntryggur búnaður sem tekur sjálfvirkt við ef aðalstraumgjafi bilar.

Sérstaklega þarf að taka tillit til eftirfarandi (sjá ÍST EN 1838 [6]):

- Neyðarlýsing skv. „flóttaleiðum“ (5 lux) verður í tröppum og stigahúsum.
- Neyðarlýsing skv. „flóttaleiðum“ (1 lux) verður í miðlinum annarra flóttaleiða, s.s. í gangi verslunarkjarna.
- Neyðarlýsing skv. „opnum svæðum“ (0,5 lux) verður í stórum rýmum (>60 m<sup>2</sup>) svo sem í veitingasal, verslunum og saumastofu og einnig í lager og salernum fyrir fatlaða.
- Neyðarlýsing þar sem mikil hætta er á ferðum skal vera 10% af venjulegu lýsingarmagni eða a.m.k. 15 lux. Þetta á t.d. við um tæknirými og eldhús.

Neyðarlýsingin getur verið með sér ljósbúnaði eða sem sér búnaður tengdur „venjulegum“ ljósum í húsinu. Búnaðurinn skal þó vera viðurkenndur sem neyðarlýsingarbúnaður.

Lota ehf.  
Brunahönnun  
Austurvegur 20 - Víkurprjón

Dagsetning: 14-03-2018  
Skýrslunr. 5963 bh02  
Blaðsíða: 11 af 20

## 4 Rýming við eldsvoða

### 4.1 Flóttaleiðir

Hvergi er lengra en 30 m í útgang eða annað brunahólf.

Frá verslun í eldra húsnæði eru tvær óháðar flóttaleiðir, önnur beint út og hin út í gegnum gang í nýbygginu.

Frá milligólfi eru tvær óháðar flóttaleiðir, annars vegar niður í verslun og þaðan út og hins vegar niður hringstíga og beint út.

Frá saumastofu eru tvær óháðar flóttaleiðir, önnur beint út og hin út í gegnum verslun sem er annað brunahólf.

Frá veitingasal og tengdu verslunarrými eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir beint út.

Frá verslunarrými 0104 eru tvær óháðar flóttaleiðir, annars vegar beint út og hins vegar um sameiginlegt anddyri.

Frá verslunarrými 0107 eru tvær óháðar flóttaleiðir, annars vegar beint út og hins vegar um sameiginlegt anddyri.

Frá smærri verslunarrýmum er flóttaleið fram á gang þaðan sem eru tvær óháðar flóttaleiðir beint út.

Fólk skal safnast saman á söfnunarstað utandyra. Staðsetning söfnunarstaðar hefur ekki verið ákveðin. Aðferð við rýmingu og hlutverk einstakra aðila verður lýst í rýmingaráætlun.

### 4.2 Fólksfjöldi og afköst flóttaleiða

Hönnun flóttaleiða er miðuð við mesta fjölda fólks sem ætla má að geti verið samtímis í hverju rými. Tafla 3 hér að neðan sýnir hvernig fólksfjöldi er háttáð í byggingunni.

Tafla 3. Fólksfjöldi í ýmsum rýmum.

Rými	Stærð {m <sup>2</sup> }	Stærð nýtilegs gólfplat ( - 25% )*	Þéttleik i {m <sup>2</sup> /mann}	Reikn. fjöldi	Hönnunar-fjöldi
Verslun í eldri hluta	~ 316	237	3	79	
Milligólf í eldri hluta	~ 196	147	3	50	
Saumastofa	~ 360	270	3	90	
Veitingastaður	~ 307	-	1	307	200
Verslun í nýrri hluta	~ 593	445	3	148	
Verslun 0104	~ 502	376	3	125	
Verslun 0106	~ 35	27	3	9	
Verslun 0107	~ 183	137	3	45	

\*Nýtilegur gólfplötur í verslunum er 25% minni en brúttó flatarmál verslunarinnar. Miðað var við innréttingar í verslun 0104 sem eru allt að 30% af brúttó flatarmáli en þar sem gera má ráð fyrir að verslanirnar séu með mismunandi innréttingar var valið að miða við 25%.

### 4.3 Dyr í flóttaleið

Hurðir í flóttaleiðum skulu vera hliðarhengdar og opnast í flóttátt án þess að nota þurfi lykil eða sérstök verkfæri. Ávallt skal tryggt að hægt sé að rýma til baka frá flóttaleið og að annari óháðri, reynist sú fyrri ekki greiðfær.



Lota ehf.  
Brunahönnun  
Austurvegur 20 - Víkurþrjón

Dagsetning: 14-03-2018  
Skýrslunr. 5963 bh02  
Blaðsíða: 12 af 20

Ekki er heimilt að hafa í flóttaleiðum læstar hurðir sem eingöngu eru opnanlegar með boði frá sjálfvirkri brunaviðvörðunarkerfi þar sem rýma getur þurft mannvirkið við aðrar aðstæður en bruna.

#### 4.3.1 Opunarbúnaður

Hurðir frá fjölmennum rýmum / opnum rýmum fyrir almenning þar sem hræðsluástand getur komið upp við útgönguhurðir (meira en 150 manns) skulu hafa sérstakan rýmingaropunarbúnað sem þrýst er á til að opna (t.d. hefðbundin “panikslá”) skv. ÍST EN 1125 [11].

Fyrir notkunareiningu fyrir fleiri en 50 manns en færri en 150 manns, skal nota opunarbúnað skv. ÍST EN 179, svokallað „push-pad“.

#### 4.3.2 Brunahólfandi flóttahurðir

Séu hurðir skilgreindar sem bæði flóttahurðir og eldvarnahurðir skulu þær uppfylla kröfur fyrir hvort tveggja. Þetta á líka við um tvöfaldar hurðir og er t.d. hægt að gera með því að láta annað hurðablaðið lokast á undan hinu (með mekanískum raðara) svo að það festist í karm (t.d. með rífl). Síðan fellur hitt hurðablaðið og festist í það fyrra. Þetta þarf þó að vera þannig úr garði gert að hurðirnar opnast báðar þó aðalhurð sé lokið upp t.d. með því að þrýsta á neyðarslá eða með neyðarhandfangi.



Sýnishorn af þrýstihandfangi (push pad)



Sýnishorn af neyðarslá (panikslá)

#### 4.4 Leiðarmerkingar á flóttaleiðum

Með leiðarmerkingu flóttaleiða, er átt við skilti eða aðrar merkingar á flóttaleiðum sem vísa leiðina að útgönguhurðum. Merkin skulu staðsett þannig að þau séu sýnileg frá hvaða stað sem er í söllum eða flóttaleiðum og rata megj með hjálp þeirra einna út undir bert loft á jörð niður eða til öruggs staðar innanhúss. Merkin skal staðsetja hátt t.d. hengd niður frá þaki, yfir eða við útgöngudyr og glugga sem eru í flóttaleið. Merkin skulu vera réttthyrnd græn að lit með hvítu merki og vera stöðugt gegnumlýst eða ályst. Lýsingin skal vera á varastraum sem uppfyllir sömu kröfur og fyrir neyðarlýsingu sjá gr. 9.4.13.

Stærð merkja miðast við þá fjarlægð, sem þau þurfa að sjást í. Taka skal tillit til aðstæðna við ákvörðun á staðsetningu merkinga.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um gerð leiðarmerkinga (§9.5.2).



Lota ehf.  
Brunahönnun  
Austurvegur 20 - Víkurþrjón

Dagsetning: 14-03-2018  
Skýrslunr. 5963 bh02  
Blaðsíða: 13 af 20

## 5 Varnir gegn útbreiðslu elds/reyks innan byggingar

Mannvirki, innréttingar þeirra og lagnakerfi skulu þannig hönnuð og byggð að hætta á því að eldur komi upp sé takmörkuð eins og kostur er.

### 5.1 Veggir, loft og fastar innréttingar

Útveggir eru PIR-samlökueiningar.

Loft- og veggklæðningar innanhúss eru almennt í flokki 1.

Niðurbundn loft skulu vera úr efnum sem uppfylla kröfu um B-s1,d0, einnig upphengikerfi.

Allir brunahólfandi veggir skulu ná upp í gegnum loftið að yfirliggjandi hæðaskilum eða þaki.

Sjá nánari lýsingu á uppbyggingu brunahólfandi veggja í verklýsingu aðalhönnuðar.

### 5.2 Röraeinangrun

Röraeinangrun í byggingum skal ekki auka brunahættu umfram aðrar klæðningar í rýminu.

Röraeinangrun skal almennt vera úr óbrennanlegum efnum, A2L-s1,d0. Ef einungis er um að ræða röraeinangrun með litlu yfirborði, sem hefur ekki teljandi áhrif á brunahættu í rýminu, má nota röraeinangrun sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- a. B<sub>L</sub>-s1,d0 þegar yfirborð í næsta nágrenni uppfyllir kröfuna B-s1,d0 (klæðning í flokki 1).
- b. D<sub>L</sub>-s2, d0 þegar yfirborð í næsta nágrenni uppfyllir kröfuna D-s2,d0 (klæðning í flokki 2). Röraeinangrun sem nær ekki flokki D<sub>L</sub>-s2, d0 má ekki nota óvarða í byggingum og skal húnvarin með klæðningu í flokki 1 eða 2 eftir aðstæðum.

Yfir niðurbundnum loftum í byggingum skal að jafnaði nota einangrun í flokki B<sub>L</sub>-s1, d0.



Lota ehf.  
Brunahönnun  
Austurvegur 20 - Víkurprjón

Dagsetning: 14-03-2018  
Skýrslunr. 5963 bh02  
Blaðsíða: 14 af 20

### 5.3 Brunahólfun

#### 5.3.1 Meginbrunahólf

Byggingunni er skipt í brunahólf þannig að flóttaleiðir séu tryggðar og útbreiðsla elds takmörkuð.

Byggingin er alls u.þ.b. 3400 m<sup>2</sup> og varin að fullu með vatnsúðakerfi og getur því verið eitt meginbrunahólf.

#### 5.3.2 Brunahólf

Byggingunni verður skipt upp í eftirfarandi brunahólf (BH) og/eða reyk hólf (RH)

Tafla 4. Brunahólfun.

Brunahólf	bh/rh	Stærð (m <sup>2</sup> )	Veggir	Hurðir / gluggar
Prjónastofa/saumastofa og ræsting	BH	~ 329	EI 60	E 30-CS / EI 30-CS <sub>m</sub>
Lager og vörumóttaka	BH	~ 185	EI 60	EI <sub>2</sub> 30-CS <sub>m</sub>
Tæknirými	BH	~ 16	EI 60	EI <sub>2</sub> 30-CS <sub>m</sub>
Verslun, veitingasalur, eldhús og fylgirými (ásamt millilofti)	RH	~ 1308	EI 60 / E 30	EI 30-CS <sub>m</sub> / E 30-CS <sub>m</sub>
Gangur og salerni í verslunarkjarna	RH	~ 343	EI 60 / E 30	EI 30-CS <sub>a</sub> / E 30-CS <sub>a</sub>
Verslun 0104, vörumóttaka, kælar og starfsmannarými		~ 627	EI 60	E 30-CS <sub>a</sub>
Verslun 0106		~ 35	EI 60 / E 30	E 30-CS <sub>a</sub>
Verslun 0107		~ 183	EI 60 / E 30	E 30-CS <sub>a</sub>

#### 5.3.3 Frágangur á brunahólfum og reyk hólfum

##### Reyk hólfun

Fellitjöld á milli verslana og gangs eru ekki reykþétt. Til þess að koma á mótis við þetta hefur verið bætt við reyklúgum í ganginn, alls 3 stk, sem eru a.m.k. 1 m<sup>2</sup> hver. Hægt verður að opna þær handvirkir með hnóppum frá stjórnherbergi vatnsúðakerfis.

Með þessari viðbót, auk þess sem full brunahólfun er í kringum rýmin að öðru leiti og að byggingin er varin að fullu með vatnsúðakerfi, er talið ásætlanlegt að fellitjöldin séu ekki reykþétt fram á ganginn.

##### Eldvarnargler

Brunahólfandi gler skal hafa viðurkenningu frá Mannvirkjastofnun skv. og skal merkt varanlega (t.d. sandblásið) með nafni framleiðanda, brunamótstöðu og viðurkenningarnúmeri.

Hámarksstærðir rúða í brunahólfandi gluggaveggjum skal vera í samræmi við viðurkenningu framleiðanda. Einungis er heimilt að nota þráðgler með hámarks rúðustærð 1,0 (breidd) \* 1,5 (hæð) eigi rúðan uppfylla E30, nema viðurkenndar prófanir sem framleiðandi framvísar sýni fram á annað. Eldvarnargler skal uppfylla kröfur skv. íslenskum staðli um gler í byggingum [12].

Lota ehf.  
Brunahönnun  
Austurvegur 20 - Víkurprjón

Dagsetning: 14-03-2018  
Skýrslunr. 5963 bh02  
Blaðsíða: 15 af 20

### Brunaþéttingar

Ganga þarf frá öllum brunaþéttingum með raflögnum, pípulögnum eða loftræsílögnum sem ganga á milli brunahólfa með viðurkenndum hætti. Brunaþéttingar þurfa að uppfylla a.m.k. EI60 á milli brunahólfa. Nota skal viðurkennd brunaþéttikerfi til brunaþéttinga.

Ganga þarf frá körmum brunahólfandi hurða á viðurkenndan hátt (steinull og eldvarnakítta báðum megin). Sama er að segja um skil milli brunahólfandi veggja, brunahólfandi veggja og lofta, veggja og hæðaskila við milligólf og veggja við þak.

### 5.4 Loftræsikerfi

Loftræsikerfi skal þannig hannað og frá því gengið að það rýri ekki brunahólfun byggingar né stuðli að eld- og reykútbreiðslu við bruna.

Þegar brunavarnir loftræsikerfa eru ákvarðaðar skv. almennum ákvæðum þessarar reglugerðar er heimilt að beita ákvæðum staðalsins DS 428 [13] eða annarra staðla sem Mannvirkjastofnun samþykkir og samrýmast reglum þessarar greinar. Í loftrásum og einangrun þeirra skal vera óbrennanlegt efni, A2-s1,d0.

Loftrásir, ætlaðar til að flytja eim frá veitingastað þar sem steiking matvæla eða sambærileg matseld fer fram, skulu vera með heilsoðnum samsetningum og ganga órofnar upp fyrir þak eða beint út um útvegg þar sem slíkt þykir henta. Þær skulu vera EI 60 A2-s1,d0 og þannig gerðar að auðvelt sé að hreinsa þær. Þær skulu hafa viðeigandi eldvarnarbúnað og fitugildrur.

### 5.5 Vörn gegn útbreiðslu elds frá lægra liggjandi þaki

Vörn skal vera gegn eldsútbreiðslu frá lægra liggjandi þaki byggingar, ef krafa er um brunatæknilegan aðskilnað milli brunahólfa.

Þetta á t.d. við þar sem þak yfir gangi í verslunarkjarna stendur hærra en þökin beggja megin við. Þarna munu brunahólfandi veggir ganga alla leið upp fyrir lægra liggjandi þökin þannig að þeir nái a.m.k. EI 60 brunamótstöðu.

### 5.6 Gluggar í útveggjum

Til að forðast smit elds og reyks þarf að huga að lágmarksfjarlægð gluggaopa miðað við mismunandi innbyrðis afstöðu þeirra eða að gefa gluggum brunamótstöðu.

Tafla 5. Fjarlægð milli glugga í EI 60 útveggjum.

Innbyrðis afstaða	Bil á milli glugga	Brunakrafa
Gluggar í samsíða veggjum	> 3,0 m og < 6,0 m > 6,0	Annar glugginn E 30 eða báðir E 15 Engin krafa
Gluggar í 90° innhornum	< 2,0 m > 2,0 m	Annar glugginn E 30 eða báðir E 15 Engin krafa
Gluggar hvor fyrir ofan annan í hæð	< 1,2 m > 1,2 m	E 30 Engin krafa
Gluggar í veggjum undir minnst 180° horni	< 0,6 m	Annar glugginn E 30 eða báðir E 15

Fyrir önnur gildi á innbyrðis afstöðu skal miða við línulega breytingu.

Þar sem byggingin er að fullu varin með vatnsúðakerfi þarf ekki að taka tillit til brunasmits milli brunahólfa.





## 6 Varnir gegn útbreiðslu elds milli bygginga

### 6.1 Yfirborðsflatir byggingar

Utanhúsklæðningar verða í flokki 1; eða K<sub>2</sub>10 B-s1,d0.

### 6.2 Bil milli bygginga

Bil milli byggingar þarf að vera nægjanlegt til að ekki sé hætt á að eldur nái að breiðast út á milli þeirra. Hægt er að nota töfluna hér að neðan til að ákvarða leyfilegar fjarlægðir milli bygginga.

Engar byggingar eru það nálægt húsinu að gera þurfi sérstakar ráðstafanir m.t.t. brunavarna.

## 7 Aðstaða og búnaður vegna aðkomu slökkviliðs

### 7.1 Aðkoma slökkviliðs

Aðkoma slökkviliðs er frá Austurvegi bæði að norðurhlíð og vesturgaffli.

### 7.2 Reyklosun

Reyklosun frá veitingastað verður um reyklúgu í þaki a.m.k. 1,0 m<sup>2</sup> eða a.m.k. 0,1% af gólfplatarmáli (aldrei þó minna en 1 m<sup>2</sup>)

Reyklosun frá nýju verslunarrými Víkurprjóns verður um tvær reyklúgur í þaki a.m.k. 1 m<sup>2</sup> hver eða alls a.m.k. 0,1% af gólfplatarmáli.

Reyklosun frá stærri verslunum í verslunarhluta verður um reyklúgur í þaki, a.m.k. 0,1% af gólfplatarmáli (þó ekki minna en a.m.k. 1 m<sup>2</sup>)

Reyklúgur skulu opnast við boð frá brunaviðvörunarkerfi en einnig skal vera hægt að opna þær handvirkt með hnöppum staðsettum við stjórnstöð og útstöð brunaviðvörunarkerfis eftir því sem við á.

Önnur reyklosun verður um glugga og hurðir.

### 7.3 Merkingar

Í töflunni hér fyrir neðan eru dæmi um merkingar sem settar eru á eða við byggingar slökkviliði til leiðsagnar. Merkin geta flýtt fyrir og auðveldað slökkvistarf og eru því mikilvæg.

Tafla 6. Dæmi um merkingar fyrir slökkvilið.



Merkin eru sett upp á viðeigandi stöðum og í stærðum sem þykja henta miðað við notkun og fjarlægð álestrar. Utandyra skal almennt ekki nota minni stærðir en A5.

Lota ehf.  
Brunahönnun  
Austurvegur 20 - Víkurþrjón

Dagsetning: 14-03-2018  
Skýrslunr. 5963 bh02  
Blaðsíða: 17 af 20

---

#### **7.4 Viðbragðstími**

Gera má ráð fyrir að viðbragðstími slökkviliðs, þ.e. frá því bruni byrjar þar til slökkvilið er mætt og farið að slökkva, sé u.þ.b. 15 mínútur.

Mikilvægt er að rýming og móttaka slökkviliðsins hafi verið æfð af starfsmönnum sbr. gr 3.4 í reglugerð um eigið eldvarnarefirlit eiganda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði [18].

#### **7.5 Slökkvivatn**

Slökkvivatn hefur verið reiknað út miðað við stærsta brunahólflið (bílakjallara) út frá leiðbeiningum MVS um útreikning á slökkvivatni fyrir byggingar [15]. Miðað við það má reikna með að slökkvivatnsþörf sé u.þ.b. 2033 l/mín (sjá viðauka 1).



## 8 Burðarvirki við bruna

### 8.1 Almennar kröfur

Forsendur m.t.t. brunavarna burðarvirkja skulu vera skv. íslenskum staðli [20].

Brunamótstaða burðarvirkis verður a.m.k. R 60.

Gert er ráð fyrir að brunamótstaða milligólfs í eldri hluta nái a.m.k. R 60.

### 8.2 Brunaálag

Brunaálag er hér gefið m.v. orku (MJ) á flatarmál gólfplat (m<sup>2</sup>) og hefur verði ákveðið að hluta skv. [17]. Hér er ekki tekið tillit til áhrifa vatnsúðakerfis en það má gera ráð fyrir allt að 60% minna brunaálagi við útreikninga ef vatnsúðakerfi er til staðar.

Tafla 7: Brunaálag

Rými	Stærð (m <sup>2</sup> )	Brunaálag á gólfplöt (MJ/m <sup>2</sup> )
Verslun	~ 35-590	570
Saumastofa	~ 390	500
Veitingastaður	~ 307	240

## 9 Eigið eftirlit brunavarna

Til þess að minnka áhættu á bruna og tryggja að brunavarnir séu ávallt í lagi er æskilegt að koma upp „eigin eftirliti með brunavörnum“ [14] fyrir allt húsnæðið við Austurveg 20 í Vík.

Gerð er handbók sem ætlað er að hjálpa til við að vernda líf starfsfólks og viðskiptavina byggingarinnar, ásamt því að hámarka öryggi rekstrar og eigna. Í henni er gerð grein fyrir helstu þáttum sem varða eigið öryggis- og eignaeftirlit, forvarnir og viðbrögð. Einnig eru þar upplýsingar og leiðbeiningar um húsnæðið og allan brunavarnabúnað þess.

Eigið eldvarnaeftirlit er nauðsynleg viðbót við eldvarnaeftirlit sveitarfélaga, því ef starfsmenn fyrirtækja í húsinu hafa ekki vakandi auga á eldvörnum þá er hættu á að ástand þeirra versni og þær virki ekki eins og til er ætlast.

### 9.1 Rýmingaráætlun

Markmið rýmingaráætlunar er að tryggja örugga rýmingu hússins ef upp kemur vá, t.d. vegna eldsvoða. Brunaviðvörðunarkerfi húsa er yfirleitt notað til þess að boða rýmingu. Skipulag rýmingaráætlunar er sértæki fyrir hvert hús og starfsemi sem fram fer í því en allar miða þær að því að koma fólki skipulega og örugglega úr byggingunni ef vá steðjar að. Gerðir rýmingarupprættir sem sýna flóttaleiðir frá viðkomandi svæði.

Í handbók Eigins eftirlits er lýsing rýmingaráætlunar byggingarinnar tilgreind.

## 10 Heimildir

- [1] *ÍST EN 54. Fire detection and fire alarm systems.*
- [2] „Reglur um sjálfvirk brunaviðvörðunarkerfi. Leiðbeiningar við brunaákvæði byggingarreglugerðar nr. 161.1.BR1,“ Mannvirkjastofnun.
- [3] *ÍST EN 3-7:2004+A1:2007.*
- [4] „Leiðbeiningar um val og staðsetningu handslökkvitækja. Leiðbeiningar við brunaákvæði byggingarreglugerðar nr. 165.BR1,“ Mannvirkjastofnun.
- [5] *ÍST EN 671-1:2012. Föst slökkvikerfi - Slöngukerfi - 1. hluti. Slöngukefli með hálfstífum slöngum.*
- [6] *ÍST EN 1838:1999 Lighting application – Emergency lighting.*
- [7] *ÍST EN 50171:2001. Central power supply systems.*
- [8] *ÍST EN 50172:2004. Emergency escape lighting systems.*
- [9] *ÍST 150:2009. Raf- og fjarskiptalagnir fyrir íbúðarhúsnæði - Gerð, staðsetning og fjöldi tengistaða.*
- [10] *ÍST EN 60598-2-22:1998. Ljósker fyrir neyðarlýsingu..*
- [11] *ÍST EN 1125:2008. Building hardware – Panic exit devices operated by a horizontal bar – Requirements and test methods.*
- [12] *ÍST EN 357:2000. Glass in building – Fire resistant glazed elements with transparent or translucent glass products – Classification of fire resistance.*
- [13] *DS 428:2009. Norm for brandtekniske foranstaltninger ved ventilationsanlæg.*
- [14] *Reglugerð nr. 200/1994 um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði, Mannvirkjastofnun.*
- [15] Slökkvivatn fyrir byggingar, Mannvirkjastofnun, 1996.
- [16] *ÍST EN 1991-1-2:2002 (Eurocode 1). Actions on structures – Part 1-2: General actions - Actions on structures exposed to fire.*
- [17] E. J. Thrane, Brannteknisk dimensjonering av bygningskonstruksjoner, 1981.
- [18] „Leiðbeiningar um frágang stigleiðslu. Leiðbeiningar við brunaákvæði byggingarreglugerðar nr. 163.2,“ Mannvirkjastofnun.
- [19] „CFAST – Consolidated Model of Fire Growth and Smoke Transport (Version 6),“ National Institute of Standards and Technology, 2005.
- [20] *Fire Safety Journal*, b. 10, nr. 2, pp. 101-118, 1986.
- [21] *ÍST EN 13501-2:2007. Fire classification of construction products and building elements – Part 2: Classification using data from fire resistance tests (excluding ventilation services).*
- [22] *ÍST EN 12101-3:2002. Reyk- og hitastýribúnaður – 3. hluti: Kröfur til vélknúinna reyk- og hitavifta.*
- [23] *ÍST EN 13501-1:2007. Fire classification of construction products and building elements – Part 1: Classification using test data from reaction to fire tests.*
- [24] *ÍST EN1992-1-1/AC:2008 (Eurocode 2). Design of concrete structures. Part 1-1: General rules and rules for buildings.*
- [25] *ÍST EN1992-1-2/AC:2008 (Eurocode 2). Design of concrete structures. Part 1-2: General rules - Structural fire design.*




Lota ehf.  
Brunahönnun  
Austurvegur 20 - Víkurþjón

Dagsetning: 14-03-2018  
Skýrslunr. 5963 bh02  
Blaðsíða: 20 af 20

---

- [26] *ÍST EN ISO 12952-1:2010. Textiles - Assessment of the ignitability of bedding items - Part 1: Ignition source: smouldering cigarette.*
- [27] *ÍST EN ISO 12952-2:2010. Textiles - Assessment of the ignitability of bedding items - Part 2: Ignition source: match flame equivalent.*
- [28] „Dæmi um eldvarnarveggi, hæðaskil og eldvarnarhurðir. Leiðbeiningar við brunaákvæði byggingarreglugerðar nr. 153.BR1,“ Mannvirkjastofnun.
- [29] *CR 12101-5:2000 Smoke and heat control systems.*

		Verkefni: Vikurprjón, Vik í Mýrdal			Viðauki 1	
		Verknúmer: 5963				
<b>Útreikningar á slökkvivatnspörf</b>						
Grunnformúla		H	A [m <sup>2</sup> ]	B	Q [l/mín]	Skýring
$Q = H * A^{0.5} * B * K * N * T + Q_u$						
Brunahólf í lágri brunahættu (L)		60				
Brunahólf í miðlungs brunahættu (M1)		75				
Brunahólf í miðlungs brunahættu (M2)		95				
Brunahólf í miðlungs brunahættu (M3)		110	1025	0,8	2817	
Brunahólf í miðlungs brunahættu (M4)		130				
Brunahólf í hárrí brunahættu (HF1)		160				
Brunahólf í hárrí brunahættu (HF2)		200				
Brunahólf í hárrí brunahættu (HF3)		240				
Brunavörn		Kerfisstuðull				
Án viðvörunar- eða úðakerfis		K=1,00				
Viðurkennt brunaviðvörunarkerfi		K=0,80				
Viðurkennt vatnsúðakerfi		K=0,30				
Nálæg mannvirki		Nálægðarstuðull				
fjarlægð < 6 m		N=1,4				
6 m =< fjarlægð < 12 m		N=1,2				
12 m =< fjarlægð < 25 m		N=1,1				
fjarlægð >= 25 m		N=1,0				
Viðbragðstími slökkviliðs		Viðbragðsstuðull				
Úðakerfi eða tími =< 10 mín		T=1,0				
10 mín < tími =< 15 mín		T=1,1				
15 mín < tími =< 30 mín		T=1,2				
tími > 30 mín		T=1,4				
		Rennlistími [klst]	Breytt í m <sup>3</sup>	Rennsli l/mín	Vatnsforði m <sup>3</sup>	
Slökkvilið:		1	0,06	845	51	
Blautkerfi:		1	0,06	1188	71	
Þurrkerfi ( +25% ):		*1,25	0,06		0	
Vatnspörf samtals:				2033	122	
				34	l/sek	

Slökkvivatnspörf skv. riti Brunamálastofnunar (05/1996)